

ÁRSSKÝRSLA 2002–2003



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Fjögur meginmarkmið í starfi Samtaka atvinnulífsins

- Að vera heildarsamtök íslenskra atvinnurekenda og málsvari þeirra í almennum hagsmunamálum atvinnulífsins.
 - Að hafa mótandi áhrif á starfsumhverfi atvinnulífsins og stuðla að samkeppnishæfum og arðsömum atvinnurekstri.
 - Að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi atvinnurekenda að sameiginlegum hagsmunamálum.
 - Að annast samskipti við stéttarfélög og gera kjarasamninga fyrir hönd aðildarfyrirtækja sem falið hafa samtökunum umboð til þess. Jafnframt að leiðbeina aðildarfyrirtækjum um framkvæmd kjarasamninga og önnur vinnumarkaðsmál.
-

ÁRSSKÝRSLA 2002–2003

AÐALFUNDUR
29. APRÍL 2003



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

EFNISYFIRLIT

Ávarp formanns	3
1. kafli: Stjórnir, nefndir og aðildarfélög Samtaka atvinnulífsins . . .	4
2. kafli: Efnahags- og atvinnumál	7
3. kafli: Kjara- og samningamál	13
4. kafli: Stofnanir á vinnumarkaði	15
5. kafli: Jafnréttismál	18
6. kafli: Lífeyrismál	19
7. kafli: Umhverfismál	21
8. kafli: Alþingi og dómstólar	22
9. kafli: Alþjóðamál	26
10. kafli: Menntastarf Samtaka atvinnulífsins	31
11. kafli: Útgáfa og kynning	35
12. kafli: Rekstur samtakanna, innra starf og skipulag	39
Skipurit Samtaka atvinnulífsins	42
Áritun endurskoðanda	43
Ársreikningur Samtaka atvinnulífsins 2002	44
Ársreikningur Vinnudeilusjóðs SA	46

Ritstjórn og umsjón með ársskýrslu: Gústaf Adolf Skúlason
 Ljósmyndir: Bragi Þór Jósefsson, Charlotta, Haukur Snorrason o.fl., kápumynd: Geir Ólafsson
 Hönnun og umbrot: Árni Pétursson, Odda hf.
 Prentvinnsla Oddi hf.

ÁVARP FORMANNS



Finnur Geirsson

formaður Samtaka atvinnulífsins

Fjórða starfsár Samtaka atvinnulífsins hefur um margt verið ánægjulegt fyrir íslenskt atvinnulíf. Með samstilltu átaki hefur okkur tekist að endurheimta stöðugleika í verðlagi, samið hefur verið um gríðarlegar erlendar fjárfestingar í stóriðju og stór skref hafa verið stigin í einkavæðingu fyrirtækja sem áður voru í opinberri eigu. Á hinn bóginn hefur almennt hægt á umsvifum í atvinnulífinu eins og atvinnuástandið ber vitni um, enda er vaxta- og launastig með hæsta móti hér á landi. Það veldur áhyggjum að raunvextir eru enn mun hærri en í samkeppnislöndum okkar og hátt gengi krónunnar hefur komið illa niður á fyrirtækjum í alþjóðlegri samkeppni. Það sem hæst ber framundan í starfsemi samtakanna eru hins vegar kjarasamningar, en með haustinu fara í hönd viðræður aðila vinnumarkaðarins um nýja samninga.

Eftir að ljóst varð í maí 2002 að svonefnt „rautt strik“ samkomulags SA og ASÍ hélt, hefur verðbólgan farið hratt lækkandi og er hún nú svipuð og viðast hvar í nágrannalöndunum. Stýrivextir hafa hins vegar ekki lækkað til samræmis við breytingar á verðlagi og virðist sem þar sé um að kenna ótímabærum væntingum um áhrif fyrirhugaðra stóriðjuframkvæmda á Austurlandi. Hið háa vaxtastig hefur dregið úr eftirspurn en einnig stuðlað að háu gengi krónunnar, fyrirsjáanlega með alvarlegum afleiðingum fyrir útflutningsfyrirtæki og önnur fyrirtæki í alþjóðlegri samkeppni.

Um næstu áramót lýkur gildistíma kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Samningstíminn var tæp fjögur ár, háður forsendum um þróun verðlags sem nú hafa staðist. Lengsta samningstímabil í samskiptasögu aðila vinnumarkaðarins er því orðið staðreynd. Þessi niðurstaða er ekki síst mikilvæg í því ljósi að vinnuveitendur tóku mikla áhættu með gerð þessara samninga. Áhættan fólst í því að kostnaður vegna samninganna féll að stærri hluta á fyrri hluta samningstímans en ávinningurinn fólst í hinum langa samningstíma. Ef verðlagsforsendur hefðu ekki staðist og samningum hefði verið sagt upp vorið 2002, þá hefðu vinnuveitendur staðið uppi með mikinn kostnað en lítinn ávinning.

Enginn þarf að velkjast í vafa um að almenningur á Íslandi hefur notið ríkulega þess ávinnings sem samningsgerðin hefur leitt af sér. Kaupmáttur hefur hvergi vaxið meira meðal þjóða OECD og kjör þeirra sem minnst bera úr býtum á vinnumarkaði hafa batnað hlutfallslega mest. Nú er reyndar svo komið að launastigið er með allra hæsta móti héraðs, mælt sem hlutfall af innlendri verðmætasköpun, og er vandséð að þessi þróun fái áfram staðist. Við hljótum að ganga út frá því að komandi kjarasamningum verði ætlað að stuðla að áframhaldandi stöðugleika í efnahagslífinu og að þeir byggist á raunhæfum forsendum, m.a. með tilliti til samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja á alþjóðavísu. Það er allra hagur, launafólks jafnt sem atvinnurekenda, að svo megi verða. Fyrst og fremst þannig megnum við að bæta lífskjör á Íslandi.

Þá hafa Samtök atvinnulífsins að vanda beitt sér í ýmsum þeim málum sem lúta að starfsumhverfi fyrirtækjanna og lagt sig fram við að auka þjónustu við félagsmenn. Meðal helstu áherslumála má nefna samkeppnismál, vaxtamál, vinnuverndarmál, skattamál, uppbyggingu stóriðju, einkavæðingu og minnkun reglubyrði atvinnulífsins. Fyrir atbeina og eftirfylgni SA voru meðal annars gerðar nauðsynlegar breytingar á fyringarreglum í lögum um tekjuskatt fyrirtækja til samræmis við afnám verðbólguþreikningsskila. Þar var gríðarlegt hagsmunamál á ferðinni fyrir atvinnulífið. Þá hefur áfram verið lögð áhersla á rafræn samskipti og fréttaflutning og þjónustu við félagsmenn á vefsíðu samtakanna.

Síðastliðið sumar fluttu Samtök atvinnulífsins og aðildarfélag þeirra sjö í nýtt húsnæði, í Hús atvinnulífsins. Nábylið hefur þegar skilað ýmsu hagræði, svo sem auknu og nánara samstarfi, sterkari rödd og sameiginlegum upplýsingakerfum. Það er von samtakanna að sameiginlegt húsnæði muni þannig gegna lykilhlutverki í því ferli samræmingar og hagræðingar sem að var stefnt með stofnun samtakanna.

Finnur Geirsson

STJÓRNIR, NEFNDIR OG AÐILDARFÉLÖG SAMTAKA ATVINNULÍFSINS



1.1 AÐALFUNDUR SA 2002

Aðalfundur Samtaka atvinnulífsins var haldinn 7. maí 2002. Sagt er frá störfum fundarins í 12. kafla ársskýrslunnar.

1.2 FRAMKVÆMDASTJÓRN SA

Sagt er frá störfum framkvæmdastjórnar í 12. kafla ársskýrslunnar.

Finnur Geirsson formaður
Nói-Sírius hf.

Tryggvi Jónsson varaformaður
Hekla hf.

Friðrik J. Arngrímsson
LÍÚ

Gunnar Felixson
Tryggingamiðstöðin hf.

Kristinn Björnsson
Skeljungur hf.

Vilmundur Jósefsson
Gæðafæði hf.

Porgeir Baldursson
Oddi hf.

1.3 STJÓRN SA

Sagt er frá störfum stjórnar í 12. kafla ársskýrslunnar.

Finnur Geirsson formaður
Nói-Sírius hf.

Tryggvi Jónsson varaformaður
Hekla hf.

Arnar Sigurmundsson
Samfrost

Bjarni H. Matthíasson
Raflagnir Íslands ehf.

Brynjólfur Bjarnason
Landssíminn hf.

Friðrik J. Arngrímsson
LÍÚ

Guðlaugur Adolfsson
Fagtak ehf.

Gunnar Felixson
Tryggingamiðstöðin hf.

Gunnar Tómasson
Porbjörn Fiskanes hf.

Halldór J. Kristjánsson
Landsbanki Íslands hf.

Ingimundur Sigurpálsson
Eimskip hf.

Jón Helgi Guðmundsson
BYKO hf.

Kristinn Björnsson
Skeljungur hf.



Ólafur Ólafsson
Samskip hf.

Rannveig Rist
Íslenska álfélagið hf.

Signý Guðmundsdóttir,
Guðmundur Jónasson ehf.

Sigurður Helgason
Flugleiðir hf.

Stefán Friðfinnsson
Íslenskir aðalverktakar hf.

Sveinn Hannesson
Samtök iðnaðarins

Vilmundur Jósefsson
Gæðafæði ehf.

Porgeir Baldursson
Oddi hf.

1.4 STJÓRN VINNUDEILUSJÓÐS SA

Arnar Sigurmundsson, Samfrost
Bjarni Ármannsson, Íslandsbanki hf.
Porgeir Baldursson, Oddi hf. prentsm.

1.5 STJÓRN RÉTTARVERNDAR- SJÓÐS SA

Friðrik J. Arngrímsson
Jón Steindór Valdimarsson
Ragnar Árnason

1.6 AÐILDARFÉLÖG SA OG STJÓRNIR PEIRRA (uppl. miðast við 4. apríl 2003)

Stjórn LÍÚ

Kristján Ragnarsson formaður
Björgólfur Jóhannsson
Einar Valur Kristjánsson
Eiríkur Tómasson
Guðbrandur Sigurðsson
Guðrún Lárusdóttir
Haraldur Sturlaugsson

Hjörtur Gíslason
Kristján Loftsson
Magnús Kristinnsson
Ólafur Marteinsson
Ólafur Rögnvaldsson
Sigurður Bjarnason
Þorsteinn Már Baldvinsson
Þorsteinn Erlingsson

Stjórn SAF

Jón Karl Ólafsson formaður
Anna G. Sverrisdóttir
Einar Bollason
Hrönn Greipsdóttir
Hörður Gunnarsson
Signý Guðmundsdóttir
Steingrímur Birgisson

Stjórn SART

Ómar Hannesson formaður
Arnbjörn Óskarsson
Birgir Benediktsson
Guðmundur H. Jóhannsson
Gunnar H. Sigurðsson
Jens Pétur Jóhannsson
Jóhann Kristján Einarsson
Markús P. Atlason
Óskar Smári Haraldsson
Reynir Ásberg Nielsson
Sævar Óskarsson
Tómas R. Zoëga

Stjórn SF

Arnar Sigurmundsson formaður
Aðalsteinn Helgason
Björgólfur Jóhannsson
Einar Jónatansson
Elfar Aðalsteinsson
Ellert Kristinnsson
Gunnar Larsen
Gunnar Tómasson
Hermann Stefánsson
Jóhannes Már Jóhannesson
Jón E. Friðriksson
Kristján Hjaltason
Kristján G. Jóakimsson
Róbert Guðfinnsson
Sigurður Viggósson
Svavar Svavarsson
Þórður Jónsson

Stjórn SFF

Halldór J. Kristjánsson
Gunnar Felixson
Jón Sólmes

Stjórn SI

Vilmundur Jósefsson formaður
Baldur Guðnason
Eiður Haraldsson
Guðlaugur Adolfsson
Halla Bogadóttir
Hreinn Jakobsson
Hörður Arnarsson
Sigurður Bragi Guðmundsson

Stjórn SVP

Sigurður Á. Sigurðsson formaður
Einar Benediktsson
Einar Sigfússon
Finnur Arnason
Ingimar Jónsson
Ingvi I. Ingason
Júlíus Jónsson

1.7 SKRÁ YFIR NEFNDIR OG RÁÐ SEM SA Á AÐILD AÐ

ATVINNULEYSI OG VINNUMIDLUN

SA tilnefni í ýmis ráð og nefndir er varða atvinnuleysi og vinnumidlun. *Sjá nánar 4. kafla ársskýrslunnar um stofnanir á vinnumarkaði.*

ALPJÓÐAMÁL

ILO-þing árið 2001 – fulltrúar SA

Aðalm. Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA
Varam. Jón H. Magnússon, SA

Samráðsnefnd Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar
Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

Samstarfsnefnd um atvinnuréttindi útlendinga
Aðalm. Ragnar Arnason, SA
Varam. Jón H. Magnússon, SA

Samráðsnefnd atvinnulífs og stjórnvalda um utanríkisviðskipti og útflutningsaðstoð
Ari Edwald, SA

Ráðgjafarnefnd EFTA

Aðalm. Gústaf Adolf Skúlason, SA
Varam. Hannes G. Sigurðsson, SA

Eftirlitsnefnd með framkvæmd laga nr. 47/1993 um frjálstan atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES
Aðalm. Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA
Varam. Jón H. Magnússon, SA

Samráðsnefnd félagsmálaráðuneytis vegna EES samningsins

Aðalm. Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA
Varam. Jón Rúnar Pálsson, SA

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands
Gústaf Adolf Skúlason, SA

EFNAHAGS- OG KJARAMÁL

Kjararannsóknarnefnd

Hannes G. Sigurðsson, SA
Þorsteinn Þorgeirsson, SI
Sigurður Jónsson, SVP

Kaupskrárnefnd varnarsvæða

Aðalm. Hannes G. Sigurðsson, SA
Varam. Ragnar Arnason, SA

Kærunefnd vegna Kaupskrárnefndar

Aðalm. Jón H. Magnússon, SA
Varam. Álfheiður M. Sívertsen, SA

Ráðgjafarnefnd Hagstofu Íslands um vísitölu neysluverðs

Hannes G. Sigurðsson, SA

Samráðshópur um opinber innkaup

Álfheiður M. Sívertsen, SA
Brynja Halldórsdóttir, BYKO
Katrín Heimisdóttir, SI

Nefnd um gerviverktöku

Ragnar Arnason, SA

Nefnd um sveigjanleg starfslok

Jón H. Magnússon, SA

Nefnd SA og ASÍ um samningsforsendur

Ari Edwald, SA
Hannes G. Sigurðsson, SA

FÉLAGSDÓMUR

Félagsdómur

Aðalm. Valgeir Pálsson, Tryggingamiðstöðin
Varam. Pétur Guðmundarson, Logos
lögmannsstofa

JAFNRÉTTISMÁL

Jafnréttisráð

Aðalm. Sigurður Jóhannesson, Hagfræðist. HÍ
Varam. Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

LÍFEYRISSJÓÐIR

SA tilnefni fulltrúa atvinnurekenda í stjórnir 14 lífeyrissjóða skv. reglugerðum sjóðanna. Framkvæmdastjórn SA tilnefni alls 37 aðalmenn og varamenn þeirra í stjórnirnar. *Sjá 6. kafla ársskýrslunnar um lífeyrismál.*

MENNTAMÁL

SA tilnefni í ýmis ráð og nefndir er varða menntamál. *Sjá nánar í 10. kafla ársskýrslunnar um menntamál.*

Rannsóknarráð Íslands

Aðalm. Hilmar Janusson, Össur hf.
Aðalm. Ingvar Kristinsson, Hugvít hf.
Varam. Hermann Kristjánsson, Vaki hf.



Vísinda- og tækniráð

Aðalm. Ingvar Kristinsson
Aðalm. Kristján Þórarinnsson
Varam. Hilmar Janusson
Varam. Kristinn Andersen

Rannís – stýrihópur Nordika Íslands
Eggert Claessen, Tölvumyndir hf.

Ráðgjafarnefnd Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins
Sigfús Thorarensen, ÍSTAK hf.

Stjórn Rannsóknarþjónustu Háskóla Íslands

Hermann Kristjánsson, VAKI-DNG
Dávid Stefánsson, Vefur – samskiptalausnir
Guðrún Hálfðánardóttir, Morgunblaðið – Árvakur

SAMGÖNGUMÁL

Flugráð

Aðalm. Jens Bjarnason, Flugleiðir
Varam. Hallgrímur Jónsson, Flugleiðir
Aðalm. Jón Karl Ólafsson, Flugfélag Íslands
Varam. Friðrik Adolfsson, Flugfélag Íslands

Hafnarráð

Aðalm. Friðrik J. Arngrímsson, Líú
Varam. Ólafur J. Briem, Sík

UMHVERFISMÁL

Nefnd um frumvarp til laga um úrvinnslugjald
Ari Edwald, SA

Nefnd um endurskoðun á mati á umhverfisáhrifum
Ari Edwald, SA

**Framkvæmdarnefnd til að fylgja eftir framkvæmda-
áætlun um varnir gegn mengun sjávar frá landi**
Gísli Guðmundsson, Málning hf.

Spilliefnanefnd

Aðalm. Óskar Maríusson, SA
Varam. Ólafur Jónsson, Skeljungur hf.

FENÚR, fagræð um endurvinnslu og úrgang
Tengiliður: Óskar Maríusson, SA

STENÚR, starfshópur um endurnýtingu úrgangs
Aðalm. Ingi Arason, Gámaþjónustan

Sérstök sérfræðinefnd á vegum STENÚR

Óskar Maríusson, SA
Ólafur Kjartansson, SI



Samráðshópur stjórnar Sorpu og SA

Óskar Mariússon, SA
Ólafur Kjartansson, SI
Sigurður Jónsson, SVP

Verkefnastjórn um gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma – faghópur III um þjóðmál, atvinnulíf og byggðapróun
Óskar Mariússon, SA

Umhverfisfræðsluráð

Óskar Mariússon, SA
Jónína Gissurardóttir, SA

UPPLÝSINGA- OG TÖLVUMÁL

Samráðshópur vegna þróunarverkefnis um íslenska upplýsingasamfélagið
Ari Edwald, SA

Nefnd til að móta stefnu um upplýsingar í ríkisstofnunum og sveitarfélögum
Geir Oddsson, Landmat

ÚTFLUTNINGS- OG SAMKEPPNISMÁL

Útflutningsráð – samráðsnefnd
Finnur Geirsson, Núi-Sírius hf.
Einar Benediktsson, Olís hf.

VINNUVERND, ÖRYGGI OG HEILBRIGÐI**Vinnueftirlit ríkisins – stjórn**

Aðalm. Óskar Mariússon, SA
Aðalm. Jón Rúnar Pálsson, SA
Aðalm. Ásbjörn Einarsson, Mjöll hf.
Varam. Ingólfur Sverrisson, SI
Varam. Ragnheiður Hédinsdóttir, SI
Varam. Gestur Pétursson, ÍSAL hf.

Vinnueftirlit ríkisins / starfsnefndir

Fjárhagsnefnd Hannes G. Sigurðsson, SA
Efnanefnd Óskar Mariússon, SA
EES-nefnd Óskar Mariússon, SA
Jón Rúnar Pálsson, SA

Heilsuvernd starfsmanna

Óskar Mariússon, SA
Jón Rúnar Pálsson, SA

Stjórn Vinnueftirlits í landbúnaði

Aðalm. Jón Rúnar Pálsson, SA
Varam. Óskar Mariússon, SA

Verkefnisráð um réttindi til að stjórna vinnuvélum
Árni Jóhannsson, SI

Nefnd um málefni langveikra barna
Hrafnhildur Stefánsson, SA

Verkefnisstjórn vegna landsnefndar árs fatlaðra 2003

Kristín Eysteinsdóttir, Hagkaup hf.

Brunamálaráð

Aðalm. Gestur Pétursson, ÍSAL hf.
Varam. Kári Arngrímsson, Keflavíkurverktakar

Starfshópur vegna samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar milli ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands
Ari Edwald, SA

Starfshópur um starfsendurhæfingu
Ragnar Árnason, SA



Starfshópur um flutning á hættulegum efnum um jarðgöng
Gestur Guðjónsson, Olíudreifing hf.

HEILBRIGÐISNEFNDIR

Umhverfis- og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur
Aðalm. Ólafur Jónsson, Skeljungur hf.
Varam. Erna Hauksdóttir, SAF

Heilbrigðisnefnd Vesturlands

Aðalm. Sigrún Pálsdóttir, Íslenska járnblendifélagið hf.
Varam. Guðmundur Páll Jónsson, Haraldur Böðvarsson hf.

Heilbrigðisnefnd Vestfjarða

Aðalm. Einar Valur Kristjánsson, Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf.
Varam. Örn Ingólfsson, Póls-Rafeindavörur hf.

Heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis vestra

Aðalm. Steinar Svavarsson, Þormóður rammi-Sæberg hf.
Varam. Rúnar Marteinsson, Þormóður rammi-Sæberg hf.

Heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis eystra

Aðalm. Hlynur Veigarsson, Samherji/Strýta hf.
Varam. Guðmundur H. Sigurðarson, Byggir ehf.

Heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis

Aðalm. Benedikt Jóhannsson, Hraðfrystihúsið Eskiðarar hf.
Varam. Svanbjörn Stefánsson, Sildarvinnslan hf.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Aðalm. Guðmundur Elíasson, KÁ
Varam. Lúðvík Börkur Jónsson, Útg. Berghóll

Heilbrigðisnefnd Suðurnesja

Aðalm. Albert B. Hjálmarsson, Keflavíkurverktakar
Varam. Stefán Sigurðsson, Skipasmiðastöð Njarðvíkur hf.

Heilbrigðisnefnd Hafnafjarðar- og Kópavogssvæðis

Aðalm. Gestur Pétursson, ÍSAL hf.
Varam. Örn Sigurðsson, Glerborg hf.

Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis

Aðalm. Þóra Gréta Þórisdóttir, Sigurplast hf.
Varam. Bjarni Óli Haraldsson, Veislan-veitingaeldhús

**Hollustuháttaráð**

Aðalm. Óskar Mariússon, SA
Varam. Ólafur Kjartansson, SI
Aðalm. Jón Rúnar Pálsson, SA
Varam. Jóngeir H. Hlinason, Atvinnuleysis-tryggingasjóður

YMSAR NEFNDIR**Atvinnumálahópur á Húsavík**

Helgi Pálsson frkvstj., Skipaafgreiðsla Húsavíkur

ICEPRO, nefnd um verklag í viðskiptum
Jón H. Magnússon, SA

Staðlaráð Íslands – stjórn

Aðalm. Víglundur Þorsteinsson, BM-Vallá hf.
Varam. Óskar Mariússon, SA

Nefnd um eftirfylgni með verðmyndun á garðyrkjuafurðum og ávöxtum
Ari Edwald, SA

Nefnd til ráðgjafar um eftirlit á vegum hins opinbera og framkvæmd laganna
Ari Edwald, SA

Stjórn Styrktarsjóðs Félags íslenskra skipstjórnamanna

Aðalm. Sveinn Hjörtur Hjartarson, LIÚ
Varam. Jón H. Magnússon, SA

Starfshópur sem fjallar um samgöngur til og frá Vestmannaeyjum

Arnar Sigurmundsson, SF

Rýnihópur vegna þróunaráætlunar miðborgar Reykjavíkur
Erna Hauksdóttir, SAF

Samstarfsráð fyrir höfuðborgarsvæðið

Ari Edwald, SA
Sigurður Jónsson, SVP
Erna Hauksdóttir, SAF
Tómas Möller, Olíuverzlun Íslands hf.

Stjórn NEMIA

Ari Edwald, SA

Nefndir á vegum UNICE

Á vegum UNICE starfa margar nefndir og verkefnahópar. Í sumar þeirra eru starfsmenn samtakanna í Reykjavík skipaðir eða starfsmaður Evrópuskrifstofu atvinnulífsins í Brussel. *Sjá nánar um UNICE í kafla 9.*

EFNAHAGS- OG ATVINNUMÁL

2.1 TÍMI SLAKA OG AÐLÖGUNAR

Árið 2002 dróst landsframleiðslan saman um 0,5%. Samdrátturinn kom í kjölfar lengsta og mesta hagvaxtarskeiðs síðari áratuga. Þar sem vöxturinn var umfram vaxtargetu til lengri tíma var viss aðlögun óhjákvæmileg. Samdráttur kom því ekki á óvart. Um tíma var reyndar gert ráð fyrir því að samdráttartímabilið hæfist á árinu 2001, en tímabili hins öfluga vaxtar var þá ekki lokið enn þar sem hann nam 3,6% það ár. Niðursveifla innlendar eftirspurnar hófst hins vegar þegar á árinu 2001 og á tiltölulega skömmum tíma náðist jafnvægi í efnahagslífinu. Samdrátturinn var minni en margir óttuðust, „lendingin varð mjúk“, enda vó vaxandi útflutningur á móti samdrættinum innanlands. Niðursveiflan á Íslandi sem að mestu átti sér innlendar rætur, var í takti við þróunina í heimsbúskapnum, þar sem hagvöxtur var fremur lítil. Hagvöxtur í OECD-ríkjunum var að meðaltali 1,3% og aðeins 0,9% í ríkjum Evrópusambandsins á árinu 2002.


Þrátt fyrir samdráttinn í þjóðarbúskapnum jókst kaupmáttur launa um 3,3% á árinu 2002, samkvæmt launavísitölu Hagstofunnar, og lék lítill verðbólga þar stórt hlutverk. Árið 2002 var það níunda í röð með samfelldri aukningu á kaupmætti launa en hann hefur vaxið um 30% frá árinu 1993.

Undanfarin misseri hefur efnahagslífið færst hratt úr ástandi mikils jafnvægisleysis í átt að efnahagslegum stöðugleika sem sýnir sveigjanleika og aðlögunarhæfni efnahagslífsins á Íslandi. Hinn gríðarlegi viðskiptahalli sem myndaðist á árinu 2000, þurrkaðist út á síðasta ári og var árið raunar gert upp með tæplega tveggja milljarða króna viðskiptaafgangi. Þá hjaðnaði verðbólgan hratt í kjölfar mikillar gengislækkunar krónunnar á árunum 2000 og 2001. Efnahagslífið er í þokkalegu jafnvægi og ætti að vera í stakk búið til þess að hefja nýtt hagvaxtarskeið.

Afkoma fyrirtækja mældist óvenju góð á árinu 2002, einkum vegna hækkunar á gengi krónunnar og jákvæðra áhrifa hennar á fjármagnsliði. Á hlutabréfamarkaði leiddi vaxandi hagnaður til umtalsverðrar hækkunar á verði hlutabréfa, þvert á alþjóðlega þróun.


Undirritun samninga um byggingu álvers og stórvirkjunar á Austurlandi fór fram um miðjan mars 2003. Þessar framkvæmdir sem ótvírátt eru þær stærstu í Íslandssögunni munu hafa gríðarleg áhrif á efnahagslífið. Umsvifin fara þó ekki að reyna á þanþol efnahagslífsins fyrr en á árinu 2005 og munu þau ná hámarki á árinu 2006. Útlit er fyrir að hagvöxtur á þessu ári geti orðið 1%

Hagvöxtur á Íslandi og OECD-ríkjunum




Heimild: Hagstofa Íslands, OECD, SI

Launaþróun á almennum markaði skv. Kjararannsóknarnefnd í samanburði við launaþróun OECD-ríkjanna



Heimild: Kjararannsóknarnefnd, OECD

Viðskiptajöfnuður
Hlutfall af landsframleiðslu

Heimild: Hagstofan, Seðlabankinn

meiri en ella af völdum framkvæmdanna og að viðskiptahalli taki að myndast á ný.

2.2 VERÐBÓLGAN HJAÐNAÐI



Hröð hjóðnun verðbólgunnar á síðasta ári var sláandi. Eftir að Seðlabankinn kastaði fastgengisstefnunni fyrir róða og tók upp formlegt verð-



bólgumarkmið í mars 2001, óx verðbólgan hratt af völdum veikingar krónunnar. Verðbólgan náði hámarki í janúar 2002, eða 9,4%, sem var mun meiri verðbólga en í nokkru öðru ríki á EES-svæðinu á þeim tíma. Verðbólgan hjaðnaði síðan ört eftir það og ári síðar, í janúar 2003, var hún aðeins 1,4%. Hjöðnunin er enn meiri þegar lítið er til hinnar samevrópsku vísitölu neysluverðs sem einkum er frábrugðin þeirri íslensku í því að húsnæðislið og útgjöldum til heilbrigðismála er sleppt, en á mælikvarða hennar minnkaði verðbólgan úr 9,8% í janúar 2002 í 1,1% í janúar 2003 og var þá orðin sú þriðja lægsta á EES-svæðinu. Á fyrstu mánuðum ársins var verðbólgan aðeins 0,3%, að frátöldum húsnæðislið vísitölnunnar og því var stutt í almenna verðlækkun. Drifkraftarnir að baki hjöðnun verðbólgunnar á síðasta ári voru gengishækkun krónunnar og samdráttur í innlendra eftirspurn. Aukið verðlagsaðhald og verðvitund í aðdraganda rauða striksins í maí 2002 áttu einnig þátt í því að verðbólgan hjaðnaði svo hratt. Þar við bættust hagstæðar ytri aðstæður þar sem verðbólga var mjög lítil í viðskiptalöndunum og sums staðar ríkti verðhjöðnun.

Það var vitanlega lykilatriði í hraðri hjöðnun verðbólgunnar á síðasta ári að kjarasamningar væru bundnir og að ekki kæmi til frekari þrýstingur af völdum kjarasamninga en þegar hafði um samist. Kjarasamningur SA og ASÍ frá 13. desember 2001 sem hafði þann tilgang að koma í veg fyrir að launalið samninga yrði sagt upp, var veigamikil forsenda fyrir hjöðnun verðbólgunnar. Þegar verðbólguþátturinn þá sem fólst í rauða strikinu í maí 2002 stóðst, þá var leiðin greið að hinu upphaflega markmiði kjarasamninganna vorið 2000, að verðbólgan kæmist niður á svipað stig og í viðskiptalöndunum. Ef verðbólguþátturinn sem sett var við vísitölugildið 222,5 í maí 2002 hefði ekki náðst, þá hefði launaliður kjarasamninga verið uppseggjanlegur. Meðfylgjandi óvissa hefði í besta falli tafið hjöðnunarferli verðbólgunnar. Samningsaðilarnir, SA og ASÍ, höfðu það hins vegar að markmiði að afstýra öðru tveggja, víxlverkandi kostnaðarhækkunum eða stórauðnu atvinnuleysi. Verðbólguþátturinn Seðlabankans og ríkisstjórnarinnar sem er 2,5%, náðist síðan í nóvember 2002 sem er allt að ári fyrr en bankinn hafði gert ráð fyrir.

Þegar lítið er til einstakra undirþátta í verðlagsþróuninni undanfarið þá sker matvælaverð sig úr. Matvælaverð hefur farið lækkanði undanfarin misseri og nam lækkunin 6% á árinu 2002. Að baki þeirri þróun eru þrjár ólíkar ástæður, nefnilega gengishækkunin, afnám tolla á grænmeti og




loks gífurleg samkeppni á kjötmarkaði vegna aukins framboðs af hvítu kjöti. Hækkun á gengi krónunnar hefur hins vegar ekki að fullu komið fram í lægra verðlagi. Frá mars 2002 til sama mánaðar 2003 hækkaði gengi krónunnar um 12% en innflutningsverð stóð í stað á sama tímabili. Þrjár ástæður skipta þar mestu en þær eru að bensinverð á alþjóðamarkaði hefur hækkað í verði á tímabilinu, skattar hækkuðu á áfengi og tóbaki, en þeir höfðu verið óbreyttir frá 1995, en síðast en ekki síst þá hafa aðrar innfluttar vörur ekki lækkað í samræmi við styrkingu gengisins. Nokkur verðlækkun á innfluttum vörum ætti því að vera „í pípunum“ ef gengið helst áfram sterkt. Það er samt óvarlegt að fullyrða um það þar sem samhengi gengisbreytinga og innflutningsverðs hefur veikt mjög á undanförunum árum og gildir það bæði um hækkun og lækkun á gengi krónunnar.

Miklar verðhækkunarir hafa átt sér stað undanfarið á fasteignamarkaði. Í marsmánuði 2003 hafði fasteignaverð hækkað um 9% undan-



Vísitala gengisskráningar



Heimild: Seðlabanki Íslands

gengna 12 mánuði samkvæmt vísitölu neysluverðs. Á sama tíma árin 2001 og 2002 nam hækkun síðustu 12 mánaða 4-5% bæði árin. Hagstofan byggir á gögnum Fasteignamats ríkisins en þau sýna að nýjasta verðhækkunarskriðan á fasteignamarkaði hefur brotist fram án þess að viðskipti hafi aukist á markaðnum. Mikil hækkun undanfarið, og meiri en síðustu ár, á því ekki röt sína að rekja til aukinna viðskipta og eftirspurnarþrýstings. Þeirri tilgátu hefur verið varpað fram að lækkun ávöxtunarkröfu skýri þessa þróun þar sem útreikningur fasteignaverðs og verðvísitalna byggir á staðgreiðsluverði, en það hækkar þegar ávöxtunarkrafan lækkar, þótt kaupverð fasteignar sé óbreytt. Lækkun ávöxtunarkröfunnar hefur því skilað sér til seljenda í formi minni affalla af húsbrefum og hærri peningagreiðslna. Í ljósi þessarar skýringar og þess að ekki er að vænta aukningar á viðskiptum má búast við því að það hægi á verðbólgunni á fasteignamarkaðnum á næstunni.

Í marsbyrjun 2003 spáði Seðlabankinn 2,1% verðbólgu bæði á þessu ári og því næsta. Í ljósi þess að spár hans eru ávallt gerðar á grundvelli óbreytts gengis þá má gera ráð fyrir frekari styrkingu krónunnar, en ýmsir telja að frekari styrking af völdum fyrirhugaðra stóriðjuframkvæmda eigi eftir að koma fram, muni draga úr verðhækkunum. Forsendur um launapróun eru á hinn bóginn fremur varkárar sem vegur þar á móti.

2.3 ÓSTÖÐUGLEIKI Í PENINGAMÁLUM


Gengi krónunnar hækkaði um 13,5% frá upphafi til loka ársins 2002. Styrkingin hófst í lok nóvember 2001 eftir að botninum var náð þegar vísitala gengisskráningar komst í 151,16 stig. Mikil gengislækkun á árinu 2001 leiddi til þess að raungengi

krónunnar komst í sögulegt lágmark og verðgildi krónunnar varð verulega vanmetið. Lágt gengi krónunnar á þessum tíma var afleiðing af miklum viðskiptahalla auk þess sem umtalsverð kaup á erlendum verðbréfum áttu sér stað á þessum tíma. Alþjóðleg reynsla kennir að miklum viðskiptahalla fylgir lækkun á gengi gjaldmiðils, eins og þróun Bandaríkjadals ber vitni um nú um stundir.

Á fyrri hluta síðasta árs stóð bættur viðskiptajöfnuður að baki styrkingu krónunnar auk þess sem verulega hæðði á kaupum á erlendum verðbréfum. Á seinni hluta ársins fóru væntingar um stóriðjuframkvæmdir að hafa áhrif og nýlega hafa komið fram upplýsingar um fleiri þætti sem þrýsta upp gengi krónunnar eins og aukin kaup erlendra aðila á íslenskum skuldabréfum og miklar lántökur sveitarfélaga erlendis.

Eftir mikla styrkingu krónunnar á síðasta ári hélt gengi krónunnar enn áfram að hækka á fyrstu vikum þessa árs. Vísitala gengisskráningar komst þá í 120 stig og virtist staðnæmast um og rétt yfir því gildi um sinn. Þessi gengishækkun hefur haft verulega neikvæð áhrif á samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja í alþjóðlegri samkeppni og hefur framlegð (hagnaður fyrir fjármagnsliði) þeirra snarminnkað. Viðbúið er að það dragi úr útflutningstekjum og gjaldeyristekjum af ferðamannaíðnaði við þessar aðstæður. Mikill rekstrarvandi hefur steðjað að rækvinnslu og hefur verksmiðjum verið lokað og stefnir í fleiri lokanir. Þar sem landvinnsla á bolfiski skilar ekki hagnaði þegar gengi krónunnar er eins hátt og nú er, má búast við að fiskvinnsla flytjist í auknum mæli á haf út. Þá vofir yfir að iðnfyrirtæki í landinu sem eiga þess kost að staðsetja framleiðslu sína í öðrum löndum muni gera það í ljósi þess að ekki eru miklar líkur á að hækkun á gengi krónunnar gangi

Raungengi, hlutfallslegur launakostnaður 1980=100



Heimild: Seðlabanki Íslands

til baka á næstunni. Sama gildir um fyrirhugaðar staðsetningar framleiðslufyrirtækja hér á landi, þ.e. hætt er við að ýmis slík áform verði ekki að veruleika. Raungengi á mælikvarða launa sem er mælikvarði á samkeppnisstöðu atvinnulífsins, hefur hækkað mikið undanfarin misseri og er nú allnokkru hærra en meðaltal síðustu ára og er í námunda við þá hæð sem það komst í vorið 2000.


Ruðningsáhrif, í formi þrengingar að fyrirtækjum í alþjóðlegri samkeppni, af völdum fyrirhugaðra stóriðjuframkvæmda eru því komin fram áður en framkvæmdirnar hafa hafist. Sú staða kallar á að sú ríkisstjórn sem mynduð verður eftir kosningarnar í maí 2003 setji fram trúverðuga áætlun um mótvægisáðgerðir gegn fyrrséðri eftirspurnarspennu. Atvinnulífið hlýtur að krefjast þess af stjórnvöldum að meginþungi efnahagsstjórnarinnar verði borinn af fjármálastefnu hins opinbera en ekki peningastefnu í formi hávaxta og hágengis. Sá samdráttur í opinberum útgjöldum sem kallað er á verður ekki auðveldur fyrir stjórnvöld en það verður sýnu auðveldara að auka opinber útgjöld á ný en að snúa klukkunni til baka í atvinnulífinu.

Seðlabankinn hefur lækkað vexti 13 sinnum á undanförunum 2 árum, eða frá því að formlegt verðbólguþakmið var tekið upp í marslok 2001. Þetta vaxtalækkunarferli hefur farið saman með hjaðnandi verðbólgu og slaka í efnahagslífi og á vinnumarkaði. Þegar munur á stýrivöxtum Seðlabanka hér á landi og erlendis var mestur fyrir örfáum misserum nam hann um 6% en hefur nú minnkað í um 3%. Stýrivextir evrópska seðlabankans voru lækkaðir í 2,50% frá 12. mars 2003 og sama dag (15 mínútum síðar) voru stýrivextir danska seðlabankans lækkaðir í 2,7%, og sænski seðlabankinn lækkaði stýrivexti sína í




3,50% frá 19. mars. Stýrivextir Englandsbanka eru 3,75% og hafa verið óbreyttir frá febrúarbyrjun. Stýrivextir Seðlabanka Íslands eru nú 5,3% sem er svipað og stýrivextir norska seðlabankans sem eru 5,5% frá 6. mars.

Þrátt fyrir vaxtalækkanirnar eru raunvextir háir í ljósi lítillar verðbólgu hér á landi. Seðlabankinn metur nú raunvexti stýrivaxta sinna út frá verðbólguvæntingum eins og þær birtast í verðbólguálaga ríkisskuldabréfa til meðallangs tíma. Með þeirri aðferð voru raunvextir stýrivaxta Seðlabankans 7% síðastliðið vor en hafa lækkað í 3% á undanförunum mánuðum. Þar sem verðbólgan hefur undanfarið verið minni en í viðskiptalöndunum þá er munurinn á raunvöxtum enn meiri. Háir raunvextir bera þess vitni að svigrúm er til slökunar í aðhaldsstigi peningastefnunnar, einkum í ljósi lítillar verðbólgu. Háir raunvextir styðja við hátt nafngengi krónunnar og lækkun þeirra myndi stuðla að því að gengi krónunnar færdist í átt að jafnvægisgildi sínu, en margt bendir til þess að það sé um það bil 130 stig um þessar mundir.



2.4 SKULDUM VAFIN ÞJÓÐ

Á þensluskeiðinu í lok síðasta áratugar myndaðist gríðarlegur viðskiptahalli sem ekki fékk staðist nema til mjög skamms tíma enda minnkaði hann hratt eftir að hámarki var náð árið 2000. Viðskiptahallinn nam 10% af landsframleiðslu árið 2000, 4% árið 2001 og á árinu 2002 var lítils háttar afgangur, eða 1,8 milljarðar króna sem svarar til 0,25% af landsframleiðslu. Í aðlögunarferlinu á síðasta ári dróst innflutningur saman um 1,8% en útflutningur jókst um 4,1%. Þá hefur þróun viðskiptakjara verið landsmönnum hagstæð sem meðal annars má rekja til verðhækkunar á sjávarafurðum. Minni innflutningur stafar að stórum hluta af minni fjárfestingum atvinnuveganna en



Heimild: Seðlabanki Íslands

þær minnkuðu um 21% á síðasta ári sem kom til viðbótar 9% samdrætti árið 2001. Einkaneysla minnkaði einnig bæði árin 2001 og 2002 enda hafði aukning hennar verið langt umfram kaupmáttarþróun í lok síðasta áratugar.

Viðskiptahalli undangenginna ára hefur leitt til mikillar aukningar á erlendum skuldum og eru þær hvergi hærri meðal OECD-ríkja. Skuldaaukningin verður einvörðungu rakin til einkageirans þar sem hið opinbera hefur minnkað skuldir sínar. Í kjölfar þess að jafnvægi komst á í viðskiptum við útlönd hefur erlend skuldasöfnun stöðvast um sinn. Samdráttur í þjóðarútgjöldum hefur valdið auknum þjóðhagslegum sparnaði og nam hann 20% af landsframleiðslu á síðasta ári samanborið við 14% árið 2000. Snar þáttur í aukinni sparnaðarhneigð er gríðarleg þátttaka almennings í viðbótarlífeyrissparnaði.

2.5 VERSNANDI ATVINNUÁSTAND

Slakinn sem hófst á vinnumarkaðnum á síðasta ári hefur haldið áfram að aukast á fyrstu mánuð-

um þessa árs. Skráð atvinnuleysi var 4,1% af mannafla í febrúar 2003 samkvæmt tölum Vinnu-málastofnunar sem er það mesta á þessum árstíma síðan 1997. Aukning atvinnuleysis hefur verið mjög snörp og nam hún 1,5% í sama mánuði í fyrra. Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi var 3,5% í febrúar sem gefur vísbendingu um hvað atvinnuleysið gæti orðið á árinu öllu ef ástandið versnar ekki. Eins og atvinnuleysistölur gefa til kynna þá hefur eftirspurn á vinnumarkaði minnkað. Síðustu tölur Hagstofu Íslands um fjölda starfandi manna sem byggðar eru á gögnum um staðgreiðslu tekjuskatts, sýna að starfandi mönnum fækkaði úr 165.700 í 162.600 á fjórða ársfjórðungi 2002 samanborið við sama tíma árið áður. Fækkunin nemur 2.900 störfum eða 1,9% af mannafla. Horfur um vaxandi atvinnuleysi komu skýrt fram í könnun Samtaka atvinnulífsins í desember 2002 en niðurstöður hennar voru þær að fyrirtæki í SA áformuðu að fækka starfsmönnum um 1,55% á næstu mánuðum.

Slakinn á vinnumarkaði endurspeglast einnig í fjölda lausra starfa sem tilkynnt eru til opinberra vinnumiðlana. Meðalfjöldi lausra starfa var 157 á fjórða ársfjórðungi 2002 og hafði þeim fækkað um helming frá sama tíma 2001. Þegar eftirspurnin á vinnumarkaði náði hámarki árið 2000 var fjöldi lausra starfa um 750.

Á undanföllum árum hefur átt sér stað mikill innflutningur á erlendu starfsfólki til að fylla laus störf. Á þessari þróun hægði verulega á síðasta ári þegar nýjum atvinnuleyfum til útlendinga utan EES svæðisins fækkaði um tvo þriðju frá árinu áður, eða úr 1.400 árið 2001 í 500 í fyrra. Á fyrstu tveimur mánuðum ársins 2003 hefur þessi þróun haldið áfram og fækkaði útgefnum atvinnuleyfum um 40% frá sama tíma í fyrra.

Óvenjulega hátt hlutfall langskólagenginna í röðum atvinnulausra hefur vakið athygli að undanförmu. Um síðustu áramót voru 363 háskólamenntaðir á atvinnuleysiskrá og jókst fjöldi þeirra um 75% á síðasta ári og á síðustu tveimur árum hefur fjöldinn þrefaldast. Þessi þróun skýrist að nokkru leyti af erfiðleikum í líftækni og hugbúnaðaríðnaði en endurspeglar að öðru leyti þá staðreynd að hópar með langt nám að baki standa ekki vel að vígi fremur en aðrir þegar störfum fækkar í atvinnulífinu.

Eitt séreinkenni íslenska vinnumarkaðarins er mikil atvinnuþátttaka ungmenna á aldrinum 15-24 ára. Þegar atvinnuástand versnar þá kemur það fyrst fram í lægri atvinnuþátttöku þessa aldurshóps og síðan í hlutfallslega meiri aukningu á atvinnuleysi í þessum hópi en meðal eldri starfs-



manna. Atvinnupátttaka ungmenna minnkaði úr 80% í nóvember 2001 í rúm 70% í nóvember 2002 og hlutur aldurshópsins í heildarfjölda atvinnulausra hefur aukist úr 18% í 26% á síðustu þremur árum.


2.6 VAXANDI FRAMLEIÐNI

Aukin framleiðni er forsenda þess að kjör landsmanna geti batnað. Framleiðni í efnahagslífinu, mæld sem hlutfallið milli breytinga í landsframleiðslu annars vegar og á vinnumagni hins vegar, hefur vaxið umtalsvert síðustu ár. Á fyrri hluta uppsveiflunnar á síðasta áratug, árin 1996 og 1997, óx framleiðni hratt en síðan hæðði á þróuninni árið eftir og árið 1999 minnkaði hún. Þróunin snerist síðan við aftur og undanfarin þrjú ár hefur framleiðni aukist um 2,5-3,5% árlega. Það er athyglisvert að framleiðni skyldi aukast á síðasta ári um 2,5% þegar framleiðslan dróst saman um 0,25% en sú staðreynd sýnir að fyrirtækin hafa nýtt sér samdráttinn til að auka skilvirkni. Framleiðniaukningin síðustu þrjú ár er mjög mikil í alþjóðlegum samanburði þar sem framleiðni jókst aðeins um tæp 3% í ESB og er enn ein vísbendingin um þann ávöxt sem sveigjanlegur vinnumarkaður á Íslandi ber.

2.7 VAXANDI HLUTUR SAMNEYSLU

Árið 2002 jókst hlutur samneyslunnar úr 23,6% í 25,1% af landsframleiðslunni, þannig að samneysluhlutfallið hækkaði um 1,5%. Skýringar á svo snarpri hækkun hlutfallsins eru einkum þrenns konar. Í fyrsta lagi jókst samneyslan að magni til um 3,1%, í öðru lagi dróst landsframleiðslan saman um 0,5% og í þriðja lagi hækkuðu laun opinberra starfsmanna um 9,8% milli árána 2001 og 2002. Á undanförunum tveimur áratugum hefur landsframleiðslan dregist þrívægis saman, til

Hlutfall samneyslu af landsframleiðslu



Heimild: Hagstofa Íslands


viðbótar síðasta ári, og hefur hlutfallið jafnan hækkað nokkuð. Árið 1992 hækkaði hlutfallið um 0,6% þegar landsframleiðslan minnkaði um 3,3%, árið 1988 hækkaði það um 1,1% þegar 0,1% samdráttur varð í landsframleiðslunni og árið 1983 hækkaði hlutfallið um 0,1% þegar 2,2% samdráttur varð. Þessar tölur sýna að mun meiri samdrætti landsframleiðslu hefur fylgt mun minni hækkun á hlutfalli hins opinbera og er því samdráttur landsframleiðslu ekki meginskýringin, heldur miklar launahækkunar hjá hinu opinbera.

Sveiflukennd afkoma fyrirtækja

Undanfarin ár hefur hagnaður fyrirtækja markast mjög af sveiflum í gengi krónunnar og áhrifum þeirra á fjármagnsliði vegna erlendra skulda. Gengislækkun krónunnar um 20% milli árána 2000 og 2001 hafði afar slæm áhrif á niðurstöðutölurnar fyrir árið 2001 en 3% hækkun á árinu 2002 hafði öndverð áhrif. Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði gefur því betri mynd af rekstrarskilvirkni og breytingum þeirra en endanlegur hagnaður. Því er nefnilega þannig farið að gengishækkun hefur áhrif til hins verra á afkomu atvinnulífsins en ekki öfugt, þótt annað mætti halda þegar hagnaður er borinn saman milli ára. Þetta kemur til dæmis fram í uppgjörum fyrirtækja sem skráð eru í Kauphöll Íslands, fyrir fjórða ársfjórðung 2002, en gengi krónunnar hækkaði um 11,5% milli fjórðu ársfjórðunga árána 2001 og 2002. Hagnaður fyrirtækja, annarra en banka og tryggingafélaga, nam um það bil 4,5% af veltu bæði á 4. ársfjórðungi 2001 og 2002 en framlegðin minnkaði úr 9,4% í 8,1% af veltu.


Samanburður á framlegð og afkomu milli árána 2001 og 2002 sýnir verulega aukningu á hagnaði og skýrist hún að miklu leyti af sviptingum í gengi krónunnar, eins og hér hefur verið gert að umtalsefni. Breytingar á framlegð (EBITDA) eru minni, þ.e. aukning úr 13% í 14% af veltu, en á bak við þær tölur eru annars vegar neikvæð áhrif gengishækkunarinnar á sjávarútveginn og hins vegar afar jákvæður viðsnúningur í rekstri samgöngufyrirtækja. Framlegðin í sjávarútveginum (sölufyrirtækin eru hér ekki meðtalin) minnkaði úr 28% af veltu í 23% en hún jókst úr 6,1% í 13,5% í samgöngum. Hækkun á gengi krónunnar mun valda minnkandi framlegð í atvinnulífinu á árinu 2003 og má gera ráð fyrir að víða verði vart vaxandi rekstrarerfðileika á næstu misserum.

Framlegð og hagnaður fyrirtækja í Kauphöll Íslands í hlutfalli við veltu



Heimild: Kauphöll Íslands

Vinnumagn og framleiðni



Heimild: Hagstofa Íslands

KJARA- OG SAMNINGAMÁL



3.1 GERÐ KJARASAMNINGA 2002/2003

Gildistími kjarasamninga SA sem gerðir voru á útmánuðum 2000 er almennt til ársloka 2003 og fram á fyrstu mánuði ársins 2004. Gerð kjarasamninga var því ekki veigamikill þáttur í starfsemi SA á starfsárinu.

3.2 VIÐRÆÐUÁÆTLUN VIÐ FLÓABANDALAGIÐ

Samkvæmt kjarasamningi SA og Flóabandalagsins frá mars 2000 fellur hann úr gildi 15. september 2003, hálfum fjórða mánuði á undan samningum annarra verkamannafélaga innan Starfsgreinasambandsins. Með samþykkt viðræðuáætlunar milli SA og Flóabandalagsins 22. október 2002 var viðræðuferli vegna kjarasamninga Flóabandalagsins fært nær kjaraviðræðum SA og Starfsgreinasambandsins. Kjaraviðræður skulu samkvæmt viðræðuáætlun hefjast í maí 2003 með undirbúningsfundi og meginmarkmið samningsgerðar verða kynnt í september. Í október 2003 hefjast viðræður um ýmis sérmál og um kaupliði í byrjun nóvember. Miðað er við að ljúka samningsgerð um miðjan desember 2003. Náist ekki samkomulag fyrir þann tíma er hvorum aðila heimilt að vísa kjaraviðræðum til ríkissáttasemjara eftir 31. desember 2003. Samhliða gerð viðræðuáætlunar voru kauphækkanir Flóasamninga 1. janúar 2003 færðar til samræmishækkunar um Starfsgreinasambandsins. Almenn launhækkun varð því 3,15% í stað 2,65%, en þá hefur verið tekið tillit til 0,4% viðbótarhækkunar launa skv. samningi SA og ASÍ um „rautt strik“.

3.3 SAMNINGUR UM HLUTASTÖRF

Með samningi SA og ASÍ um hlutastörf frá 13. nóvember 2002 var hrint í framkvæmd hér á landi

efni tilskipunar EBE um hlutastörf (97/81/EBE). Efnisatriði hennar byggja á rammasamningi aðila vinnumarkaðarins í Evrópu, UNICE, CEEP og ET-UC, en SA er eitt aðildarfélag UNICE. Markmið tilskipunarinnar er að afnema mismunun gagnvart starfsmönnum í hlutastarfi. Þannig telst það til dæmis ekki eitt og sér gild ástæða uppsagnar að starfsmaður neiti að fara úr fullu starfi í hlutastarf eða öfugt.

3.4 VIÐAUKI VIÐ VIRKJUNAR-SAMNING

Í bókun með gildandi virkjunarsamningi frá maí 2000 segir að semja skuli sérstaklega um vinnutilhögun og ferðir vegna virkjunarframkvæmda á Austurlandi. Með viðauka við kjarasamninginn 15. nóvember 2002 var samið um greiðslur vegna ferða frá Reykjavík að virkjunarsvæðinu, tilhögun vakta, hámarks lengd úthalda og fjölda frídaga eftir langar vinnulotur. Sérákvæði eru um þá starfsmenn sem ekki eiga lögheimili hér á landi.

3.5 FISKISKIP

Í kjölfar dóms Hæstaréttar 14. nóvember 2002 sem taldi úrskurð gerðardóms um kjaramál fiskimanna ekki ná til þriggja stéttarféлага á Snæfellsnesi, gerðu SA og LÍÚ þann 26. nóvember 2002 samkomulag við Sjómannasamband Íslands fyrir hönd viðkomandi stéttarféлага um að úrskurður gerðardómsins gilti fyrir félögin frá 16. maí 2001.

3.6 HERJÓLFUR

Samningum við Sjómannafélagið Jötunn vegna háseta og þjónustufólks á m.s. Herjólfur var sagt upp haustið 2001 og urðu þeir lausir 15. febrúar 2002. Af hálfu SA og útgerðarinnar var lögð áhersla á að sameina samninga þessara tveggja hópa í einn og að auka samvinnu hópanna sem ættu margt sameiginlegt. Var hugmyndinni um sameiningu samninga hafnað af Jötni og Sjómannasambandi Íslands (SSÍ) og fengust ekki umræður um báða samningana samtímis heldur var gerð krafa um að fyrst yrði samið við þjónustufólkið og síðan tekið til við gerð hásetasamnings. Eftir langar og strangar viðræður náðist samningur við SSÍ og Jötunn um kaup og kjör þjónustufólksins þann 29. ágúst 2002 en hann var felldur. Í þeim viðræðum sem fóru í hönd var óskað eftir því af hálfu SA að gerð yrði tilraun til að leysa málið með beinum viðræðum fulltrúa útgerðar og starfsmanna án þátttöku stéttarfélags og SA. Viðræður útgerðar og starfsmanna leiddu til lausnar málsins 21. janúar 2003. Með samningnum er launakerfið einfaldað og gert skýrara.



Í stað nokkuð flókinna ákvæða í eldri samningi um greiðslu dagvinnu, yfirvinnu, frídaga og fleira er nú greidd tiltekin upphæð fyrir hverja ferð skipsins sem er mishá eftir því hvenær ferð er farin. Viðræðum um hásetasamning hefur ekkert miðað og hefur SSÍ vísað þeirri deilu til ríkissátta-semjara.

3.7 SPÖLUR

Fyrsti samningur um kaup og kjör starfsmanna í gjaldskýli Hvalfjarðarganga var gerður við Verkalýðsfélag Akraness í júní 1998. Samningurinn rann út í árslok 2002 og hófust viðræður um endurnýjun hans haustið 2002. Auk krafna um hækkun fastra launa voru settar fram kröfur um viðbótargreiðslur sem talið var að tíðkuðust á vinnustöðum í nágrenninu. Af þessu tilefni var lögð áhersla á það af hálfu SA og Spalar að einfalda greiðslur og semja um heildargreiðslur fyrir hverja vakt. Með því gætu starfsmenn átta sig betur á því hverjir væru tekjumöguleikar í þessu starfi. Gerð var tillaga um að samið yrði um heildargreiðslur fyrir hverja vakt í stað þess að sundurliða greiðslur í 6-8 þætti og náðist samkomulag á þeim grundvelli.

3.8 NEYÐARLÍNAN

Þann 14. mars 2003 var undirritaður sérkjarasamningur milli SA og VR vegna Neyðarlínunnar hf. Sérkjarasamningurinn er að stofni til frá árinu 1996. Frágangur þessa sérkjarasamnings dróst svo lengi fram eftir samningstímabilinu sem raun ber vitni vegna skipulagsbreytinga á vinnutíma starfsmanna. Starfsmenn báru þó ekki skaða af þeim drætti. Niðurstaða sérkjarasamningsins er nýtt og sveigjanlegt vaktavinnukerfi sem er sniðið að þörfum beggja, fyrirtækisins og starfsmanna. Nýtt kerfi felur í sér að vinnuskylda er 150 stundir á 4 vikum og byggjast föst fjögurra vikna laun á þeim skilum. Sérstakur jöfnunarreikningur heldur utan um vinnustundir undir og yfir þessu 150 stunda marki. Þessi kjarasamningur er sá fyrsti sinnar tegundar á Íslandi með kerfisbundinni útföfnun yfirvinnu, sem felur í sér að yfirvinna er ekki greidd nema full skil hafi verið gerð á reglulegri vinnuskyldu.



3.9 NEFND SA OG ASÍ UM SAMNINGSFORSENDUR

Í gildandi kjarasamningum SA við viðsemjendur sína er samhljóða ákvæði um samningsforsendur. Ákvæðið kveður meðal annars á um að verðbólga skuli hafa farið minnkandi frá þeim tíma sem samningar voru gerðir síðla vetrar árið 2000. Bregðist sú forsenda eru launaliðir samninga uppsegjanlegir. Við mat á samningsforsendum í febrúar 2003 var það niðurstaða nefndarinnar að verðbólga væri vel innan þeirra markmiða sem samningsaðilar settu sér. Samningsforsendur hefðu því staðist og ekki væri heimild til að segja upp launalið samninganna.

3.10 NEFND SA OG VR/LÍV UM SAMNINGSFORSENDUR

Í kjarasamningum verslunarmanna er sjálfstætt ákvæði um verðlagsforsendur. Nefnd samningsaðila komst að sömu niðurstöðu og nefnd SA og ASÍ um að samningsforsendur hefðu staðist og að ekki væri heimild til að segja uppsamningum.

3.11 BLAÐBERAR

Þann 9. apríl 2003 var gerður kjarasamningur við Verzlunarmannafélag Reykjavíkur og Landssamband íslenskra verzlunarmanna um kaup og kjör blaðbera sem starfa hjá Árvakri, útgáfufélagi Morgunblaðsins. SA höfðu áður verið í viðræðum við Eflingu vegna þessara starfa en samningar ekki tekist. Með samningnum eru blaðberum tryggð réttindi samkvæmt aðalkjarasamningi SA og VR/LÍV, auk þess sem samið var um laun og önnur starfskjör.



STOFNANIR Á VINNUMARKAÐI

4.1 ÁBYRGÐASJÓÐUR LAUNA

Mikil umskipti hafa orðið hjá Ábyrgðasjóði launa. Útgjöld hafa tvöfaldast milli ára. Heildargreiðslur úr sjóðnum á árinu 2002 voru um 715 milljónir króna á móti 371 milljón árið áður. Þar af voru 418 milljónir vegna launa og orlofs og um 166 milljónir vegna lífeyrissjóðsiðgjalda.

Útgjöld skiptast þannig eftir atvinnugreinum:

Fasteigna- og leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	147 m.kr.
Verslun og ýmis viðgerðaðþjónusta	129 m.kr.
Hótel og veitingahúsarekstur	74 m.kr.
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	61 m.kr.
Pappirsíðnaður og útgáfustarfsemi	55 m.kr.
Samgöngur og flutningar	48 m.kr.
Annað	201 m.kr.



Heildartekjur eru áætlaðar um 260 milljónir króna. Þar af er ábyrgðagjald um 180 milljónir, vaxtatekjur um 50 milljónir og úthlutun úr þrotabúum um 30 milljónir.

Það hefur því gengið mjög á eigið fé sjóðsins á árinu. Í árslok 2002 nam það um 430 milljónum króna og hefur lækkað um 455 milljónir frá árinu áður. Ábyrgðargjaldið er áfram óbreytt, 0,04%.


Ný lög um ábyrgðarsjóð launa voru samþykkt í lok þings (sjá nánar í kafla 8.2 um nýja löggjöf).

4.2 ATVINNULEYSISTRÝGGINGA-SJÓÐUR

Eigið fé Atvinnuleysistryggingasjóðs í árslok 2002 er áætlað um 8.300 milljónir króna en var 7.900 milljónir í árslok 2001. Tekjustofn sjóðsins er atvinnutryggingagjald sem reiknast af sama gjaldstofni og almennt tryggingagjald. Samkvæmt lögum nr. 113/1990 um tryggingagjald skal atvinnutryggingagjald hækka eða lækka eftir fjárförum Atvinnuleysistryggingasjóðs, samkvæmt tillögum stjórnar sjóðsins. Atvinnutryggingagjald er nú 0,8%.

Atvinnuleysistryggingasjóður greiðir ríflega helming kostnaðar við rekstur Vinnumálastofnunar og svæðisvinnumiðlana. Var kostnaðarhlutdeild sjóðsins 169 milljónir króna á árinu 2002.

Árið 2002 námu heildarútgjöld sjóðsins um 3.330 milljónum króna, en 1.945 milljónum árið á undan. Greiddar atvinnuleysisbætur voru 2.612 milljónir og þar af 158 milljónir vegna fiskvinnslufólks, sem er lækkan um 19 milljónir frá árinu á undan. Styrkir vegna átaksverkefna sveitarfélaga námu 16 milljónum króna í stað 15 milljóna árið áður. Framlög til ýmissa úrræða fyrir atvinnuleit-



Heimild: Hagstofa Íslands

endur hækkuðu um 5 milljónir króna frá árinu áður og námu 71 milljón króna. Á árinu 2002 námu nefndarlaun vegna starfa í úthlutunarnefndum og þóknun til stéttarfélagasamtals 54 milljónum króna í stað 44 milljóna árið á undan. Meginhluti greiðslanna rennur til tveggja stéttarfélagasamtals, Eflingar og VR, sem fá samtals 43 milljónir króna fyrir að annast afgreiðslu atvinnuleysisbóta á höfuðborgarsvæðinu. Framlag Atvinnuleysistryggingasjóðs til starfsmenntunar í atvinnulífnum var 53 milljónir króna og framlag til starfsmenntasjóðs 58 milljónir. Meðalatvinnuleysi var 2,5% á árinu 2002 en var komið í 4,1% í febrúar 2003.

Í janúar 2002 keypti Atvinnuleysistryggingasjóður 730 fermetra húsnæði að Engjateigi 11, sem hýsir Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins. Leigir sjóðurinn Vinnumálastofnun húsnæðið fyrir 650 þúsund krónur á mánuði. Í mars 2003 keypti sjóðurinn af Kiwanishreyfingunni 190 fermetra til viðbótar í kjallara hússins, sem mun verða leigður Vinnumálastofnun.

Ágreiningur um sjálfstæði sjóðsins

Ágreiningur hefur verið við ríkisvaldið um sjálfstæði sjóðsins og ávöxtun á fjármunum hans. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs mótmælti því að sjóðurinn væri færður undir A-hluta ríkissjóðs og hefur lagt áherslu á sjálfstæði hans samkvæmt lögum nr. 12/1997 um atvinnuleysistryggingar. Samtök atvinnulífsins og ASÍ hafa lagt áherslu á að verja sjálfstæði sjóðsins og hafa mótmælt því að fasteignir og lausafé séu færð frá Atvinnuleysistryggingasjóði í ríkissjóð.

Sigurður Línal fyrverandi lagaprófessor tók saman álitsgerð um réttarstöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs í desember 2001. Niðurstaða Sigurðar var sú að sjóðurinn væri sjálfstæður sjóður, sjálfseignarstofnun, og óháður framlög-

um úr ríkissjóði. Sjóðurinn hafi sjálfstæðan tekjuflokk og sjóðsstjórn taki ákvörðun um ávöxtun sjóðsins samkvæmt lögum. Flutningur sjóðsins úr B-hluta fjárlaga í A-hluta án samþykkis sjóðsstjórnarinnar væri ekki í samræmi við lög. Lög um fjárfæðingur ríkisins fái ekki samrýmt ákvæðum laga um atvinnuleysistryggingar og fjárlög eða fjárákald geti ekki breytt því að atvinnutryggingargjald eigi að renna í og sé eign Atvinnuleysistryggingasjóðs. Fjármálaráðuneytið hefur með bréfi til stjórnar sjóðsins hafnað áliti Sigurðar í einu og öllu og lýsir því yfir án frekari rökstuðnings að Atvinnuleysistryggingasjóður sé eign ríkissjóðs.

4.3 VINNUMÍÐLUN/VINNUMÁLA-STOFNUN

Yfirstjórn vinnumiðlunar í landinu er í höndum Vinnumálastofnunar sem starfar samkvæmt lögum nr. 13/1997 um vinnumarkaðsaðgerðir. Undir stofnunina heyra átta svæðisvinnumiðlanir sem fylgja nokkurn veginn kjördæmamörkum. Auk þess eru fjölmargir upplýsinga- og skráningarstaðir á hverju svæði fyrir atvinnulausa og þá sem eru í atvinnuleit.

Í tengslum við hverja svæðisvinnumiðlun eru starfandi níu manna svæðisráð sem skipuð eru þremur fulltrúum atvinnurekenda á svæðinu, þremur fulltrúum launþega, tveimur fulltrúum sveitarfélaga og einum fulltrúa framhaldsskóla. Svæðisráði er ætlað að fylgjast með stöðu og horfum í atvinnumálum á svæðinu og gera tillögur um úrræði og úrbætur sem komið gætu í veg fyrir atvinnuleysi og orðið til að auka möguleika þeirra sem verða atvinnulausir til að fá vinnu aftur.


EURES (European Employment Services) er samstarf um vinnumiðlun milli ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu. Íslenskt heiti þess er EES-vinnumiðlun og hefur hún aðstöðu í verslunarhúsinu Firði í Hafnarfirði. Geta atvinnuleitendur sem vilja sækja um störf erlendis og atvinnurekendur sem vilja flytja inn starfsfólk frá öðrum ríkjum á EES svæðinu fengið aðstoð EES-vinnumiðlunarinnar.

Vinnumálastofnun annast afgreiðslu á atvinnuleyfum til útlendinga sem koma frá löndum utan EES í umboði félagsmálaráðuneytis. Á liðnu ári voru sett tvenn lög sem snerta erlent starfsfólk. Það eru lög nr. 96/2002 um útlendinga og lög nr. 97/2002 um atvinnuréttindi útlendinga. Þeim sem vilja nálgast frekari upplýsingar um Vinnumálastofnun og starfsemi hennar er bent á heimasíðu stofnunarinnar, www.vinnumalastofnun.is.

4.4 ERLENT STARFSFÓLK

Vegna þarfa íslensks atvinnulífs fyrir aukinn starfskraft í uppsveiflu á íslenskum vinnumarkaði á undanförunum árum fjölgaði verulega erlendu starfsfólki á Íslandi, þótt nokkuð hafi hægt á þeirri þróun árið 2002. Einkum var um að ræða starfsfólk frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Með aðild Íslands að Schengen samstarfinu hefur tíminn sem það tekur að fá afgreitt atvinnuleyfi fyrir þá útlendinga lengst verulega. Þá er sú sérstæða regla gildandi á Íslandi að tvær stofnanir fjalla um málið í stað einnar í nágrannalöndum okkar.

Á liðnu ári voru sett lög nr. 96/2002 um útlendinga og lög nr. 97/2002 um atvinnuréttindi útlendinga (sjá umfjöllun í kafla 8.2). Þar sem hvor tveggja lögin voru til endurskoðunar á sama tíma töldu Samtök atvinnulífsins kjörið tækifæri til þess að aðlagja reglur okkar að því sem tíðkast í nágrannalöndunum. Þar er veiting dvalar- og atvinnuleyfa á hendi útlendingastofnunar og lagði SA til að svo yrði á Íslandi. Löggjafarvaldið tók ekki undir þessi sjónarmið og ákvað að áfram skyldu tvær stofnanir skipta þessu hlutverki með sér. Útlendingastofnun veitir dvalarleyfi og Vinnumálastofnun atvinnuleyfi. Vinnumálastofnun má hins vegar ekki veita atvinnuleyfi fyrr en Útlendingastofnun hefur veitt dvalarleyfi. Á heimasíðu Útlendingastofnunar, www.utl.is, kemur fram að vegna anna geti það tekið allt að átta vikum að fá niðurstöðu við umsókn um dvalarleyfi. Að fengnu dvalarleyfi er umsókn send Vinnumálastofnun, sem felur svæðisvinnumiðlun að ganga úr skugga um að ekki sé hægt að útvega starfskraft innanlands. Þá er leitað umsagnar viðkomandi stéttarfélags, sem skal svara innan 14 daga frá móttöku félagsins á umsókn um atvinnuleyfi. Með umsókn skal fylgja undirritaður ráðningarsam-



ingur. Auk þess eru skilyrði leyfisveitingar að fyrir liggi fullnægjandi heilbrigðisvottorð og að atvinnurekandi muni sjúkratryggja starfsmanninn og ábyrgjast greiðslu á heimflutningi hans.

Þeir útlendingar sem eru með ríkisfang innan EES hafa frjálsan rétt til dvalar og vinnu í öðru landi innan EES og þurfa ekki að fara í gegnum framangreindan feril. Hægt er að fá aðstoð EURES vinnumiðlunarinnar í Hafnarfirði við að afla upplýsinga um þá sem eru í atvinnuleit á EES svæðinu. Upplýsingar um EURES vinnumiðlunina eru á heimasíðu Vinnumálastofnunar. Takist að finna starfsmann með aðstoð EURES- vinnumiðlunarinnar getur hann allt eins verið kominn til landsins og í vinnu einum til tveimur dögum eftir að hann er ráðinn.

Skylda fyrirtækja til að tilkynna um útlending

Útlendingar af EES svæðinu hafa getað komið hingað til starfa á vegum síns vinnuveitanda án þess að nokkrar upplýsingar séu um störf þeirra hér á landi eða að tryggt sé að íslenskra laga sé gætt. Þetta fólk hefur því ekki fengið kennitölu og ekki reynt á skattskyldu þess hér á landi né hvort lágmarkskjara sé gætt, sbr. lög um starfsmenn sem starfa tímabundið hér á landi. Til að bæta úr þessu og stuðla jafnframt að jafni samkeppnisstöðu fyrirtækja er vinnuveitendum gert skylt, með reglugerð um útlendinga, að tilkynna Útlendingastofnun um útlendinga sem koma hingað til starfa á þeirra vegum eða þeir ráða til sín. Þá eiga fyrirtæki einnig að tilkynna Útlendingastofnun um erlenda verktaka á þeirra vegum sem koma hingað með starfsmenn.

4.5 KJARARANNSÓKNARNEFND

Kjararannsóknarnefnd er skipuð sex fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, þremur frá Samtökum atvinnulífsins og þremur frá ASÍ. Rekstur skrifstofu nefndarinnar er fjármagnaður af Atvinnuleysistryggingasjóði, samkvæmt bráðabirgðaákvæði við lög um atvinnuleysistryggingar nr. 12 frá 1997. Fjárframlag ársins 2002 til Kjararannsóknarnefndar var rúmar 33,5 milljónir króna. Meginmarkmið með starfsemiinni er að standa að gerð áreiðanlegra hagtalna sem lýsa greiddum launum og launakostnaði á íslenskum vinnumarkaði ásamt breytingum á þeim. Hefur nefndin staðið að gerð launakannana í ríflega þrjá áratugi. Hjá Kjararannsóknarnefnd eru sjö starfsmenn.

Launakannanir Kjararannsóknarnefndar eru unnar í samstarfi við Hagstofu Íslands. Enn sem komið er nær úrtak Kjararannsóknarnefndar aðeins til hluta vinnumarkaðarins. Upplýsingarnar

eru margvíslegar og uppfylla alþjóðlega viðurkennda staðla. Fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög eru valin af handahófi úr skrá ríkisskattstjóra yfir launagreiðendur en stærstu fyrirtækin í hverri atvinnugrein koma þó sjálfvalin inn. Verið er að víkka úrtakið þannig að launakannanir nái til fyrirtækja sem til dæmis starfa við fjármálastarfsemi og við útgerð, auk stofnana á opinberum vinnumarkaði. Frumvinnsla á gögnum – þar með talið gæðaeftirlit og leiðréttingar – fer alfarið fram hjá Kjararannsóknarnefnd. Umfang launakannanna eykst sífellt, enda eru þær gerðar á vinnumarkaði sem tekur örum breytingum. Vefsíða nefndarinnar hefur verið endurnýjuð. Á henni er nú hægt að sækja niðurstöður launakannana á tölvutæku formi og ítarlegar upplýsingar um framkvæmd. Kjararannsóknarnefnd gefur á ársfjórðungs fresti út niðurstöður launakannana sinna. Þær eru birtar í rafrænu fréttabréfi nefndarinnar og á vefsíðu hennar, www.kjara.is.

4.6 NEFNDIR OG RÁÐ

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs

Aðalm. Jón H. Magnússon, SA
Aðalm. Erna Hauksdóttir, SAF
Aðalm. Jón Rúnar Pálsson, SA
Varam. Hannes G. Sigurðsson, SA
Varam. Ragnar Árnason, SA
Varam. Kristín Jónsdóttir, SA

Ábyrgðasjóður launa

Aðalm. Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA
Varam. Jón H. Magnússon, SA

Stjórn Vinnumálastofnunar

Aðalm. Jón H. Magnússon, SA
Aðalm. Jón Rúnar Pálsson, SA
Varam. Hannes G. Sigurðsson, SA
Varam. Ragnar Árnason, SA

Svæðisráð vinnumiðlana

SA skipar þrjá aðalmenn og varamenn þeirra í átta svæðisráð á landinu.

Úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta

SA skipar tvo aðalmenn og varamenn þeirra í níu úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta á landinu.

Stjórn Kjararannsóknarnefndar

Sjá 1. kafla ársskýrslunnar.



JAFNRÉTTISMÁL

5.1 JAFNRÉTTISRÁÐ

Meginverkefni Jafnréttisráðs er að vinna að jafnrétti karla og kvenna á vinnumarkaði og gefa ráð um það efni. Í september kynnti ráðið niðurstöður könnunar á launamun kynjanna og skýringum hans, sem gerð var í samvinnu við Nefnd um efnahagsleg völd kvenna, en unnin hjá Samtökum atvinnulífsins. Könnunin nær yfir allan vinnumarkaðinn nema banka, ríki og Reykjavíkurborg. Gögn úr þjóðskrá um fjölskylduaðstæður voru lesin saman við tölur Kjararannsóknarnefndar um kaup og kjör. Þar kom fram að laun kvenna eru 70% af launum karla. Skýra má tvo þriðju til þrjá fjórðu hluta munarins með ólíkum starfsvettvangi, starfi, menntun og ráðningarfyrirkomulagi kynjanna. Það sem eftir stendur (7,5-11% launamunur) stafar af því að hjónaband, barneignir og fleira hefur önnur áhrif á laun kvenna en karla, skv. niðurstöðum ráðsins. Hafa ber í huga að upplýsingar vantaði um samanlagða starfsreynslu á vinnumarkaði og gögn um menntun eru mjög ófullkomin. Þá eru hlutastörf blásin upp í fullt starf þannig að allir vega jafnt í könnuninni, hvort sem þeir vinna stutt eða lengi.

Á árinu veitti Jafnréttisráð að vanda viðurkenningu fyrir störf að jafnréttismálum í samráði við félagsmálaráðherra. Orkuveita Reykjavíkur hlaut verðlaunin að þessu sinni.


5.2 KÆRUNEFND JAFNRÉTTISMÁLA

Kærunefnd jafnréttismála skilaði álit í fjórum málum á árinu. Tvö þeirra fjölluðu um kærur vegna stöðuveitinga og það þriðja um uppsögn.

Við málsmeðferð hjá nefndinni er fylgt þeim reglum að ef leiddar eru líkur að beinni eða óbeinni mismunun vegna kynferðis við ráðningu í starf, skal atvinnurekandi sýna nefndinni fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðuninni. Liggi fyrir að annað kynið sé í minnihluta í sömu eða sambærilegum störfum hjá kærða ber honum að gæta þess við ráðninguna að velja umsækjanda af því kyni, enda teldist hann að minnsta kosti jafnhæfur eða hæfari en sá umsækjandi af gagnstæðu kyni sem leitaði eftir starfinu.

Fjórdi málið sem kom til úrlausnar nefndarinnar fjallaði um það hvort lægra árgjald kvenna í golfklúbbi væri samrýmanlegt jafnréttislögum. Var niðurstaðan sú að þrátt fyrir meginsjónarmið jafnréttislaga um jafnan rétt kvenna og karla þætti sú ráðstöfun fela í sér jákvæða hvatningu til þátttöku þess aldurshóps kvenna sem um var að ræða í féluginu og þar með í golfþróttinni.

Sækjast konur eftir stjórnunarstöfum í þínu fyrirtæki?



5.3 KVENSTJÓRNENDUR, KÖNNUN SA

Í mars 2003 könnuðu Samtök atvinnulífsins afstöðu forstöðumanna (og –kvenna) aðildarfyrirtækja sinna til kvenna sem stjórnenda, og þá um leið til karla í samanburðinum. Spurningarnar voru samdar í samráði við Jafnréttisráð. Samkvæmt helstu niðurstöðum könnunarinnar eru konur almennt jafn góðir eða ívið betri stjórnendur en karlar en sækjast hins vegar mun síður eftir stjórnunarstöfum. Þær eru samviskusamari og liprari í samskiptum en bundnari af fjölskyldu og heimili. Þær hafa minni tengsl utan fyrirtækis, eiga erfiðar með að taka gagnrýni og eru lengur að taka ákvarðanir en karlmenn. Loks virðast konur endast ívið betur í starfi og vera ívið metnaðarfullri. Aðspurð hvort þau hafi hug á að fjölga konum í stjórnunarstöfum segja ívið fleiri fyrirtæki já en nei, en langflest svara því til að þau velji hæfasta einstaklinginn hverju sinni. Greint var frá könnuninni á heimasíðu SA og í rafræna fréttabréfinu *Af vettvangi* í apríl 2003. Nánar er fjallað um vef SA og rafræna fréttabréfið í 11. kafla.

5.4 VEFSVÆÐI HINS GULLNA JAFNVÆGIS

Í apríl 2003 var opnað vefsvæði hins gullna jafnvægis, www.hgj.is, sem ætlað er öllum þeim sem starfs síns vegna geta stuðlað að bættu starfsumhverfi, auknum sveigjanleika og samhæfingu vinnu og einkalífs á íslenskum vinnumarkaði svo sem starfsmannastjórum, jafnréttisráðgjöfum og stjórnendum með mannaforráð. Samtök atvinnulífsins eru meðal hollvina verkefnisins og á heimasíðunni er meðal annars að finna áherslur SA í jafnréttismálum.



LÍFEYRISMÁL

**6.1 STAÐA LÍFEYRISJÓÐANNA**

Lífeyrissjóðakerfið hefur eflist mjög á undanförunum árum og eiga nær allir starfandi menn aðild að því. Fjárhagsstaða kerfisins er almennt traust, þótt ávöxtun síðustu þrjú ár hafi verið mögur. Heildareignir lífeyrissjóðanna námu um síðustu áramót um 677 milljörðum króna sem er aukning um 32 milljarða króna milli ára eða 5%. 25 stærstu sjóðirnir áttu um 93% af hreinni eign allra lífeyrissjóða í árslok 2001. Eignir sjóðanna erlendis námu rúmum 103 milljörðum króna í lok ársins 2002, sem er lækkun frá árslokum 2001 þegar erlend eign nam rúmum 134 milljörðum króna. Erlend verðbréfaeign sjóðanna var um 15,3% af heildareignum um síðustu áramót, en var um 20,9% í árslok 2001 og um 22,6% í árslok 2000. Sveiflur í gengi krónunnar, lækkun á erlendum hlutabréfamörkuðum, veiking bandaríkjadal og góð ávöxtun hér á landi hefur haft áhrif á þróunina í þessa átt. Til framtíðar lítið er sjóðunum almennt nauðsynlegt að fjárfesta stærri hluta eigna sinna erlendis. Aukin erlend eign lífeyrissjóða stuðlar almennt að aukinni áhættudreifingu og sveiflujöfnun í íslensku hagkerfi. Heimildir lífeyrissjóða til að fjárfesta í erlendum gjaldmiðlum voru fyrir þremur árum rýmkaðar úr 40% í 50%.

Samtök atvinnulífsins telja að vel hafi tekist til við löggjöf um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem samþykkt voru á Alþingi 1997. Lögin sem tóku gildi 1. júlí 1998 hafa stuðlað að viðtækri sátt í þjóðfélaginu um þessi mikilvægu mál. Sú fækkun lífeyrissjóða sem orðið hefur á undanförunum árum er jákvæð þróun en stjórnir smærri lífeyrissjóða þurfa áfram að leita allra leiða til að stækka sjóðina og sameinast öðrum. Einnig hlýtur að koma til greina að hækka lágmarksfjölda sjóðfélaga í hverjum lífeyrissjóði.

Uppbygging lífeyrissjóða á samningssviði Samtaka atvinnulífsins felur í sér mikilsverðan árangur af samstarfi atvinnulífs og launþegahreyfingar. Íslenska lífeyrissjóðakerfið er talið hagkvæmt í alþjóðlegum samanburði og hefur leyst sín viðfangsefni á hagstæðan hátt fyrir þjóðfélagið. Á næstu árum verður tímabært að ræða frekari samþættingu lífeyrissjóðakerfis og almannaþryggingakerfis með frekari hagræðingu í huga.


6.2 INNLEND HLUTABRÉFAEIGN

Innlend hlutabréf námu um 10,8% af eignum lífeyrissjóðanna í lok síðasta árs, 9,3% í lok 2001 og 9,8% í lok 2000. Innlend hlutabréfaeign sem nam alls um 73 milljörðum króna, er um 14% af markaðsvirði hlutabréfa í Kauphöll Íslands og er það svipað hlutfall og verið hefur undanfarin þrjú ár.


6.3 AUKINN SÉREIGNASPARNAÐUR

Samkvæmt flestum samningum á almennum vinnumarkaði greiðir vinnuveitandi nú 2% framlag á móti 2% séreignarsparnaði starfsmanns. Skattafrestun vegna séreignarsparnaðar nemur nú allt að 4% af launastofni og til viðbótar koma 0,4% frá vinnuveitanda, sem síðan dragast frá tryggingargjaldi. Fólki gefst því orðið hagstæður möguleiki til viðbótarlífeyrissparnaðar í séreignarsjóði sem nemur samtals 6,4% af launum, þar af 4% eigið framlag sem nýtur skattfrestunar. Er ástæða til að fagna sérstaklega auknum heimildum til skattfrestunar vegna lífeyrissparnaðar. Þar sem þessi sparnaður rennur allur til að greiða lífeyri getur hann hækkað útgreiddan lífeyri til lífeyrisþegans verulega. Markmið kjarasamninga um að ýta undir sparnað og efla séreignarsparnað sem þriðju stoð lífeyriskerfisins virðist ganga vel eftir. Þegar fram líða stundir á þetta hlutfall að fara langt með að tryggja lífeyrisþegum hliðstæð kjör við þau sem þeir nutu lengst af á starfsævi sinni.

Í nóvember 2002 gerði SA úttekt á umfangi viðbótarlífeyrissparnaðar meðal launafólks á grundvelli gagna Kjararannsóknarnefndar um sparnaðinn í febrúarmánuðum árána 2000 til 2002. Í ljós kom að þátttaka í viðbótarlífeyrissparnaði hefur bæði verið meiri en áætlað var við gerð kjarasamninga og einnig jafnari milli starfstétta. Þátttaka þeirra lægra launuðu var þannig mun meiri en gert var ráð fyrir í kjarasamningunum vorið 2000. Könnunin leiddi í ljós að 55% launamanna fengu lífeyrisgreiðslur frá vinnuveitendum sem námu meira en lögbundnum 6%, en samningar kveða á um að vinnuveitandi komi með mótfamlag við viðbótarsparnað launamanns. Áætlað var að kostnaður atvinnurekenda vegna mótfamlagsins næmi þá þegar 4 – 4,5 milljörðum króna á ári, um einum og hálfum millj-



Framlög vinnuveitenda til lífeyrissparnaðar í hlutfalli við laun árin 2000-2002



Heimild: Fréttavefur SA, KRN

arði meira en reiknað hafði verið með við gerð kjarasamninga árið 2000.

Í janúar 2003 gerði SA nýja könnun á þátttöku í viðbótarsparnaði og var nú borið saman hvernig þátttakan þróaðist frá febrúar til september 2002. Í ljós kom að viðbótarsparnaður jókst mikið á árinu 2002. Hjá verkafólki, þar sem sparnaður var minnstur fyrir, var aukningin mest í kjölfar þess að helmingur af móttframlagi vinnuveitenda var festur. Samkvæmt úttektinni tóku þrír af hverjum fjórum þátt í viðbótarlífeyrissparnaði eftir breytinguna.

Þann 1. júlí 2002 tók gildi sú breyting að þeir starfsmenn sem ekki höfðu hafið sparnað fengu frá þeim tíma 1% framlag frá vinnuveitanda sínum til lífeyrissparnaðar í séreignarsjóð. Breytingin hefur líklega orðið þeim hvatning sem enn höfðu ekki hafið eigin viðbótarlífeyrissparnað, enda leiddi könnunin í ljós að sparnaður hafði aukist mest hjá þeim sem minnst spöruðu fyrir.

Niðurstöður könnunarinnar benda til mikils og vaxandi sparnaðar umfram það sem er lög- og samningsbundið. Þannig fengu 40% launamanna sem voru í úrtaki KRN meira en 2% framlag frá vinnuveitenda, 33% fengu 2% og 27% fengu 1%. Fjöldi þeirra sem fær meira en 2% framlag hefur aukist verulega að undanfögnu.

6.4 SKIPAN Í STJÓRNIR LÍFEYRISJÓÐA

Aðalmenn í stjórnum lífeyrissjóða tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins eru (miðað við 4. apríl):

Lífeyrissjóðurinn Framsýn

Aðalmaður: Hjörleifur Kvaran
Aðalmaður: Helgi Magnússon
Aðalmaður: Þórarinn V. Þórarinnsson
Aðalmaður: Bjarni Lúðvíksson

Lífeyrissjóðurinn Lífið

Aðalmaður: Sveinn P. Jónsson
Aðalmaður: Arnbjörn Óskarsson
Aðalmaður: Tryggvi Guðmundsson

Lífeyrissjóður sjómanna

Aðalmaður: Höskuldur Ólafsson
Aðalmaður: Ásgeir Valdimarsson

Sameinaði lífeyrissjóðurinn

Aðalmaður: Þorgeir Jósefsson
Aðalmaður: Friðrik Andrésson
Aðalmaður: Örn Jóhannsson

Lífeyrissjóður verzlunarmanna

Aðalmaður: Víglundur Þorsteinsson
Aðalmaður: Tryggvi Jónsson

Lífeyrissjóður Vesturlands

Aðalmaður: Þórir Páll Guðjónsson
Aðalmaður: Rakel Olsen
Aðalmaður: Stefán Reynir Kristinsson

Lífeyrissjóður Bolungarvíkur

Aðalmaður: Einar Jónatansson
Aðalmaður: Agnar Ebenesersson
Aðalmaður: Jón G. Guðmundsson

Lífeyrissjóður Vestfirðinga

Aðalmaður: Kristján G. Jóhannsson
Aðalmaður: Einar Valur Kristjánsson

Lífeyrissjóður Norðurlands

Aðalmaður: Einar Einarsson
Aðalmaður: Eiríkur S. Jóhannsson
Aðalmaður: Björn Sigurðsson
Aðalmaður: Kristján Þór Júlíusson

Lífeyrissjóður Austurlands

Aðalmaður: Eiríkur Ólafsson
Aðalmaður: Magnús Bjarnason

Lífeyrissjóður Rangæinga, Helli

Aðalmaður: Ragnar Pálsson
Aðalmaður: Guðmundur Svavarsson

Lífeyrissjóður Suðurlands

Aðalmaður: Örn Grétarsson
Aðalmaður: Einar Sigurðsson

Lífeyrissjóður Suðurnesja

Aðalmaður: Stefán Friðfinnsson
Aðalmaður: Karl Njálsson
Aðalmaður: Eðvarð Júlíusson

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja

Aðalmaður: Arnar Sigurmundsson
Aðalmaður: Hörður Óskarsson
Aðalmaður: Magnús Kristinsson



UMHVERFISMÁL



Samtök atvinnulífsins taka þátt í ýmiss konar samstarfi á sviði umhverfismála og vinnuverndar, með setu í nefndum og ráðum. Samtökin hafa mótað sér almenna stefnu á þessu sviði, en vinna að framgangi hennar í samstarfi með öðrum. Umhverfishópur SA er skipaður starfsfólki SA, aðildarfélagi og aðildarfyrirtækja, auk sérfræðinga utan samtakanna. Hópurinn fundaði tvisvar sinn- um á starfsárinu, meðal annars til að fjalla um lagabreytingar í farvatninu. Formaður umhverfiss- hópsins er Óskar Maríusson, efnaverkfræðingur á skrifstofu SA.



7.1 VINNUVERND

Breytingar á vinnuverndarlögunum

Í vor voru lögfestar verulegar breytingar á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Sjá umfjöllun um breytingarnar í 8. kafla.

Vinnuverndarvikan

Á undanförunum árum hefur Vinnueftirlitið tekið þátt í Vinnuverndarviku Evrópu sem haldin er á

sama tíma í flestum löndum Evrópu um tiltekið málefni sem varðar vinnuvernd. Árið 2000 var fyrsta ár vinnuverndarvinnunnar en þá var tekið fyrir þemað „Bakverkinn burt.“ Næsta ár, eða árið 2001, var þemað „Varnir gegn vinnuslysum,“ en á síðasta ári var slagorðið „Vinna gegn streitu.“ Nú í ár 2003 er áætlað að fjalla um „Meðferð vara- samra efna á vinnustöðum.“

7.2 UMHVERFISMÁL

Úrvinnslusjóður

Í desember 2002 voru lög nr. 162/2002 um úrvinnslugjald samþykkt á Alþingi. Tilgangur laganna er að skapa hagræn skilyrði fyrir endur- notkun og endurnýtingu úrgangs í þeim tilgangi að draga úr því magni úrgangs sem fer til endan- legrar förgunar og tryggja viðeigandi förgun spilli- efna. Fyrir setningu laganna voru í gildi tvenn lög sem byggðu á sömu markmiðum fyrir afmarkaða vöruflokka, nefnilega lög nr. 52/1989 um ráðstaf- anir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur og lög nr. 56/1996 um spilliefnagjald. Lög um spilliefnagjald voru tekin upp í lög um úrvinnslugjald og féllu því úr gildi við gildistöku laga um úrvinnslugjald. Lög nr. 52/1989 um einnota drykkjarvöruumbúðir verða tekin upp í lög um úrvinnslugjald 1. janúar 2008.

7.3 MEÐFERÐ HÆTTULEGRA EFNA

Spilliefnanefnd

Við gildistöku laga nr. 162/2002 um úrvinnslu- gjald féllu lög nr. 56/1996 um spilliefnagjald úr gildi en ákvæði þeirra voru tekin upp í lög um úrvinnslugjald.

Lög um efni og efnavöru

Á vegum umhverfisráðuneytis er um þessar mundir verið að endurskoða lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni með síðari breytingum. Fyrir liggja drög að frumvarpi til laga um efni og efnavöru sem leysa eiga gildandi lög um eiturefni og hættuleg efni af hólmi.

7.4 ERLEND SAMSKIPTI

Í 9. kafla ársskýrslunnar er fjallað um reglubundin erlend samskipti SA á sviði umhverfismála.

7.5 NEFNDIR

Í fyrsta kafla ársskýrslunnar er að finna skrá yfir nefndir og ráð á sviði umhverfismála sem SA á aðild að.

Úrvinnslugjald

Lögin um úrvinnslugjald (nr. 162/2002) kveða á um að lagt skuli úrvinnslugjald á tiltekna vöruflokka við innflutning á viðkomandi vöru eða sölu samsvarandi vöru sem framleidd er innanlands. Úrvinnslugjaldið skal standa undir kostnaði við meðferð flokkaðs úrgangs frá viðkomandi vöru á söfnunarstöð, flutningi hans til móttökustöðvar eða endurnýtingarstöðvar og endurnýtingu eða förgun úrgangsins. Stjórn Úrvinnslusjóðs skipa þrír fulltrúar atvinnurekenda, einn fulltrúi sveitarfélaga og umhverfisráðherra skipar formann án tilnefningar. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, hefur yfirumsjón með starfseminni, staðfestir skýrslur, áætlanir og samninga og er ráðherra til ráðuneytis. Tekjur af úrvinnslugjaldi renna beint til úrvinnslusjóðs og ríkissjóður skal gæta þess að úrvinnslusjóður hafi nægjanlegt laust fé til ráðstöfunar. Heimilt er að endurgreiða úrvinnslugjald, þegar úrgangur kemur ekki til úrvinnslu hér á landi, svo sem ef gjaldskyld vara er flutt úr landi eða úrgangur frá henni, eða rekstraraðili endurnýtir eigin úrgang. Áætluð velta Úrvinnslusjóðs er í upphafi um 630 m.kr. Þar af er endurgreitt skilagjald um 90 m.kr. Framkvæmd laga nr. 52/1989 um einnota drykkjarvöruumbúðir veltir um 800 m.kr. þar sem skilagjald nemur um 560 m.kr. eða um 70% af heildarveltu.

Vöruflokkur	Endurnýting þús. kr.	Skilagjald þús. kr.
Spilliefni	150.000	
Heyrúlluplast	40.000	
Samsettar umbúðir	40.000	
Hjólbarðar	250.000	
Ökutæki	150.000	90.000
Samtals	630.000	90.000
Einnota drykkjarvöruumbúðir	800.000	560.000

ALPINGI OG DÓMSTÓLAR

8.1 UMSAGNIR UM ÞINGMÁL

Samtökum atvinnulífsins berst mikill fjöldi þingmála til umsagnar. Á 128. löggjafarþingi, 2002–2003, sendu samtökin inn umsagnir um eftirtalin þingmál:

Stjórnarfrumvörp um

- breytingu á tollalögum, aðaltollhöfn í Kópavogi
- námsstyrki
- breytingu á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, rafræn vöktun, ættfræðirit
- breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, vinnutímatilskipun, EES-reglur
- neytendakaup, EES-reglur og um breytingu á samkeppnislögum
- verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, heildarlög, EES-reglur
- staðla og Staðlaráð Íslands, heildarlög
- breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, rekstrarform, arðgreiðslur, o.fl.
- heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði
- breytingu á lögum um útlandinga
- breytingu á lögum um váttryggingastarfsemi, EES reglur, gjaldþol
- breytingu á lagaákvæðum er varða vinnutíma sjómanna verndun hafs og stranda, heildarlög
- breytingu á lögum um ársreikninga
- opinberan stuðning við vísindarannsóknir, Vísinda- og tækniráð, opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins
- breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, gjaldaheimildir
- verðbréfavíðskipti, heildarlög, EES-reglur
- úrvinnslugjald
- breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, sérstakur tekjuskattur, rekstrartap, vextir o.fl.
- fjármálafyrirtæki
- breytingu á lögum um tryggingagjald, lækkun gjalds. o.fl.

Þingmannafrumvörp um

- breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, íþróttastyrkir og heilsuvernd
- breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, vextir og verðbætur af námslánunum
- breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, ferðakostnaður

- breytingu á lögum um erfðafjárskatt, flatur skattur
- breytingu á lögum um stimpilgjald, lækkun gjalds
- breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, félagsgjöld til stéttarfélags
- breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, úrskurðir kærunefndar
- breytingu á sjómannalögum, bótaréttur
- breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, lausir kjarasamningar

Þingsályktunartillögur um

- greiningu lestrarvanda
- flutning starfa Ferðamálaráðs til aðila innan ferðaþjónustunnar
- rannsóknir á samfélagslegum áhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi
- aðgerðir til endurreisnar íslenskum skipaiðnaði
- úttekt á verðmyndun á innfluttu sementi
- virðisaukaskatt af barnafatnaði
- neysluvatn
- úttekt á framtíðarhlutverki Sementsverksmiðjunnar hf. við förgun spilliefna
- skattfrelsi lágtækjufólks
- athugun á orsökum fyrir háu matvælaverði á Íslandi samanborið við önnur Norðurlönd og ríki Evrópusambandsins
- samanburð á matvælaverði hérlandis og á Norðurlöndum og í Evrópusambandinu





8.2 LÖGGJÖF SEM SNÝR AÐ ATVINNULÍFINU

Veigamiklar breytingar á vinnuverndarlögum – sérstakt áhættumat á vinnustað

Fyrir þinglok voru lögfestar breytingar á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Í fyrsta lagi voru loksins lögfestar nauðsynlegar breytingar í samræmi við rammatilskipun ESB um öryggi og heilsu starfsmanna. Þær fela meðal annars í sér reglur um sérstakt öryggis- og áhættumat á störfum og heilsuvernd starfsmanna. Ítrekaðar athugasemdir höfðu komið frá Eftirlitsstofnun EFTA um að rammatilskipunin hefði ekki verið tekin upp í íslensk vinnuverndarlög með fullnægjandi hætti og hafði lagafrumvarp um þetta dagað uppi á síðustu tveimur þingum. Vinnuveitendum verður skylt að framkvæma áhættu- og öryggismat á öllum vinnustöðum, sem falla undir gildissvið vinnuverndarlaga. Í reglugerðum verða settar nánari reglur um framkvæmd þessa mats, meðal annars með hliðsjón af eðli og stærð fyrirtækja og starfseminnar. Í öðru lagi eru lögfestar efnisreglur tilskipunar ESB um hvíldar- og vinnutíma en vinnutímareglurnar voru fyrst innleiddar í íslenskan rétt með kjarasamningum aðila vinnu- markaðar, sbr. auglýsing nr. 285/1997 í B-deild stjórnartíðinda. Í þriðja lagi hefur stjórnskipulagi Vinnueftirlitsins verið breytt. Völd stjórnar sem skipuð er fulltrúum aðila vinnumarkaðarins er verulega skert. Félagsmálaráðherra mun nú setja reglugerðir að fenginni umsögn stjórnar en samkvæmt áðurgildandi lagaákvæðum voru

reglur settar af ráðherra að fengnum tillögum stjórnar. Stjórnin á þó áfram koma að gerð og undirbúningi að reglugerðum skv. athugasemdum með lögnum.

Breytingar á lögum um Ábyrgðasjóð launa – hámarksábyrgð sjóðsins hækkuð

Breytingar fela í sér heildarendurskoðun á áðurgildandi lögum um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota frá 1993. Mikilvægustu nýmæli laganna eru þau að Ábyrgðasjóður launa tekur nú á sig ábyrgð á vangreiddum lífeyrisðgjöldum sem nemi allt að 4% af iðgjaldsstofni á grundvelli samnings um viðbótarlífeyrissparnað samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Lögd er til hækkun á hámarksábyrgð sjóðsins vegna krafna launamanna og mun ráðherra ákveða viðmiðunarfjárhæðina með reglugerð til eins árs í senn. Þá verður ábyrgð sjóðsins vegna orlofs-launa krafna einnig bundin hámarki. Aðrar helstu breytingar frá gildandi lögum eru að kröfuhafi hafi meira val en áður um aðferðir við atvinnuleit og geta önnur atriði en regluleg skráning hjá opinberri vinnumiðlun komið til greina við mat á því hvort uppfylltar hafi verið kröfur laganna um virka atvinnuleit. Tekin eru af tvímæli um að ábyrgð á bótum vegna líkamstjóns sem starfsmenn verða fyrir í vinnu sinni komi aðeins til álita þegar tryggingar vinnuveitanda taka ekki til bótaþrófu starfsmannsins. Álagningarlutfallið verður áfram 0,04% af gjaldstofni tryggingargjalds. Nægi tekjur sjóðsins ekki til greiðslu skuldbindinga hans verður að breyta álagningarlutfallinu með lögum á sama hátt og öðrum sköttum.

Ný lög um fyrirtækjaskrá – skráning fyrirtækja flutt til ríkisskattstjóra

Samkvæmt nýjum lögum um fyrirtækjaskrá mun ríkisskattstjóri framvegis annast færslu fyrirtækjaskrár og útgáfu kennitalna til fyrirtækja, stofnana og annarra aðila í atvinnurekstri samkvæmt nánari ákvæðum þar að lútandi. Skráning hlutafélaga, einkahlutafélaga, samvinnufélaga og sjálfs-eignarstofnana sem stunda atvinnurekstur er flutt frá Hagstofu Íslands til embættis ríkisskattstjóra. Samkvæmt áðurgildandi lögum fór ráðherra Hagstofu Íslands með mál er varða skráningu þessara félaga og stofnana en viðskiptaráðherra fer með málefni þeirra að öðru leyti. Í lögum um fyrirtækjaskrá er hlutaðeigandi lagaákvæðum breytt á þann hátt að fjármálaráðherra fer hér eftir með mál sem varða þessa skráningu í stað ráðherra Hagstofu Íslands.

Umsagnir SA um þingmál á vefnum

Allar umsagnir SA um þingmál eru birtar á vef samtakanna. Þar er hægt að sjá umsagnarferlið allt; hvenær mál barst samtökunum, hver sé ábyrgðarmaður málsins og hvenær það sé afgreitt. Þá eru umsagnirnar birtar í heild sinni á vefnum: www.sa.is

Vinnutími sjómanna – breyting á sjómanna-lögum og lögum um áhafnir á farþega- og farskipum

Með lagabreytingum eru gerðar nauðsynlegar breytingar á sjómannalögum, nr. 35/1985, og lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, vegna innleiðingar tiltekinna EES-gerða sem varða vinnutíma sjómanna. Gengið er út frá því í athugasemdum frumvarpsins að innleiðing gerðanna skapi ekki nein vandamál fyrir íslenskan sjávarútveg og breytingarnar rúmist innan gildandi kjarasamninga milli útgerðar og stéttarféлага, hvort sem litið er til hámarks-vinnutíma eða lágmarkshvildartíma. Þó er ljóst að nýta þarf frávíkshéimild með reglugerð við tilteknar veiðar.

Breyting á lögum um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda

Lögum nr. 29/1995 um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda hefur verið breytt. Við endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda skal nú greiða gjaldanda þá vexti sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. lögum vexti og verðtryggingu. Þetta eru sömu vextir og greiddir eru af skaðabótakröfum. Dráttarvextir eru hins vegar greiddir frá þeim tíma sem gjaldandi sannanlega lagði fram kröfu um endurgreiðslu ofgreiddra skatta eða gjalda.

Ný lög um atvinnuréttindi útlendinga

Þann 1. janúar 2003 tóku gildi ný lög um atvinnuréttindi útlendinga. Það er nýmæli að við sérstakar aðstæður er heimilt að veita sérhæfðum starfsmanni sem fyrirhugað er að senda hingað til lands á vegum fyrirtækis sem ekki hefur starfsstöð á Íslandi, tímabundið atvinnuleyfi í allt að sex mánuði. Heimildin er háð því skilyrði að fyrir liggja þjónustusamningur við fyrirtæki hér á landi og að skilyrði viðskiptanna sé að starfsmaður erlenda fyrirtækisins annist þjónustuna. Heimilt er að víkja frá skilyrðum um umsögn stéttarfélags þegar ekki er til að dreifa stéttarfélagi í viðkomandi starfsgrein. Atvinnurekanda er skylt að sjúkratryggja erlendan starfsmann sinn þannig að hann njóti verndar til jafns við ákvæði almannatryggingalaga. Gildir þetta almennt um fyrstu sex mánuði dvalar á Íslandi áður en þeir komast í almannatryggingakerfið. Atvinnurekendur og stéttarfélagum er skylt að upplýsa útlending með tímabundið atvinnuleyfi um grunnnámskeið í íslensku fyrir útlendinga, samfélagsfræðslu og aðra þá fræðslu sem honum og fjölskyldu hans stendur til boða.

Breytingar á lögum um einkahlutafélög –slit félaga einkahlutafélaga

Talið er að á Íslandi séu í dag um 15 þúsund einkahlutafélög. Mörg þeirra eru hætt starfsemi án þess að þeim hafi verið slitið formlega með skilanefnd, því sú aðferð er kostnaðarsöm. Lagabreytingin felst í því að hægt er að afmá skráningu einkahlutafélags með skriflegri yfirlýsingu til hlutafélagaskrár. Gerð er sú krafa að allir hluthafar undirriti yfirlýsinguna en gera má ráð fyrir að þeir séu venjulega fáir og vottorð fylgi frá toll- og skattýfirvöldum um að félagið skuldi ekki opinber gjöld. Þessu skilyrði um undirritun hluthafa verður að fullnægja því hluthafar einkahlutafélags munu bera beina og ótakmarkaða ábyrgð á skuldum félagsins, ef yfirlýsing þeirra um skuldleysi félagsins, sem er forsenda slita, reynist vera röng.

Lög um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins

Lögunum er ætlað að efla samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs með því að byggja upp tækni-lega getu fyrirtækja og frumkvöðla til að takast á við tækniþróun og rannsóknir er henni tengjast sem leiða til nýsköpunar í íslensku atvinnulífi. Þetta er meðal annars gert með stofnun sérstakrar Nýsköpunarmiðstöðvar innan löntæknistofnunar og Tækniþróunarjódö, en ekkert liggur reyndar fyrir um hvaða fjármagn sjóðnum er ætlað.

Ný heildarlöggjöf um fjármálafyrirtæki og um verðbréfavíðskipti

Með nýjum lögum um fjármálafyrirtæki eru í fyrsta skipti á Íslandi sett heildarlög um fjármálastofnanir, sem eru viðskiptabankar, sparisjóðir, lána-fyrirtæki, rafeyrisfyrirtæki, verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlanir og rekstarfélög verðbréfasjóða. Hugtakið fjármálafyrirtæki er nýtt hugtak í íslenskri löggjöf. Með lögunum eru innleiddar margar EES tilskipanir á fjármálasviði og mun verkaskipting milli stjórnvalda breytast. Fjármálaeftirlitið mun samkvæmt lögunum fá vald til útgáfu og afturköllunar á starfsleyfum og einnig til setningar á ýmsum reglum. Samhliða þessu var sett ný heildarlöggjöf um verðbréfavíðskipti sem hefur að geyma hegðunarreglur og réttindi og skyldur í verðbréfavíðskiptum. Í lögunum er notað nýtt yfirhugtak, fjármálagerningur, sem skiptist í verðbréf, afleiður, hlutdeildarskírteini, peningamarkaðsskjöl og fram-seljanleg veðréttindi í fasteignum og lausafé.

Lög um úrvinnslugjald

Sjá kafla 7.





8.3 DÓMSMÁL

Lögmæti lagasetningar á kjaradeilu fiskimanna – túlkun gerðardóms og kjarasamninga

Með lögum nr 34/2001, frá 16. maí 2001 voru verkföll fiskimanna og verkbönn útvegsmanna bönnuð. Málaferli af hálfu ASÍ og Sjómannasambandsins (SSÍ) héldu áfram vegna þessarar lagasetningar, eins og á síðasta starfsári.

1) Þann 14. nóvember 2002 staðfesti Hæstiréttur sýknudóm í máli sem ASÍ höfðaði gegn íslenska ríkinu og SA. Dómurinn féllst ekki á þá kröfu ASÍ að niðurstaða gerðardóms réði ekki kjörum fiskimanna í aðildarfélagum SSÍ. Hins vegar var fallist á þann skilning á lögunum, að þau giltu ekki þar sem verkföll eða verkbönn höfðu ekki verið boðuð, það er á Snæfellsnesi.

2) Á sama tíma og ASÍ krafðist þess að lög nr. 34/2001 væru dæmd ólögmæt höfðaði ASÍ mál fyrir Félagsdómi vegna SSÍ til að fá það viðurkennt að kjarasamningur SA og ASÍ frá 13. desember 2001 væri skuldbindandi fyrir öll aðildarfélag ASÍ, þar með talið fiskimenn innan SSÍ. Efnislega snerist krafan um rétt til 1% framlags í séreignarlífeyrissjóð af kauptryggingu. Félagsdómur féllst á þessa kröfu SSÍ með dómi frá 8. nóvember 2002. Af þessari niðurstöðu Félagsdóms verður að draga þá ályktun að fiskimenn hafi gerst aðilar að almennum kjarasamningum á vinnumarkaði þann 13. desember 2001, en þeir voru framlengdir með því samkomulagi.

3) Þann 11. júlí 2002 komst Félagsdómur að þeirri niðurstöðu í máli SSÍ gegn SA fyrir hönd LÍÚ að gerðardómur skv. lögum 34/2001 um viðbótarskiptakjaraákvæði (skiptatöflur) hefði breytt eldri hlutaskiptareglum á rækjuveiðum þegar aflinn væri ísaður um borð.

4) Þann 23. janúar 2003 gekk héraðsdómur í máli sem SSÍ hafði höfðað gegn LÍÚ, þar sem

krafist var ógildingar á tilgreindum liðum í úrskurðarorði gerðardóms skv. 2. gr. laga nr. 34/2001, um breytingar á kjarasamningi stefnanda. Í málinu var krafist ógildingar á þeim ákvæðum gerðardómsins sem SSÍ taldi vera sér óhagstæð. Efnislega fjölluðu kröfurnar um lögmæti vinnustaðasamninga sem nokkrar útgerðir hafa gert við áhafnir skipa vegna nýrrar tækni og veiðiskipa með stoð í fyrrnefndum heimildarákvæðum skv. gerðardóminum. Á það féllst héraðsdómur ekki og sýknaði LÍÚ. SSÍ hefur áfrýjað til Hæstaréttar.

Laun á uppsagnarfresti. Lækkun bótakröfu vegna vinnulauna annar staðar frá

Með dómi Hæstaréttar frá 19. september 2002 var skorið úr því ágreiningsefni hvort tekjur sem starfsmaður ávann sér á uppsagnarfresti hjá öðrum atvinnurekanda ætti að koma til frádráttar launakröfu hans frá fyrri vinnuveitanda. Hæstiréttur staðfesti með vísun til fordæma og forsendna héraðsdóms, að heimilt væri að lækka greiðslur vegna áunninna launa á uppsagnarfresti. Óeðlilegt væri að réttarstaða launþega væri betri þegar starfsmanni væri sagt upp með lögmætum hætti, þ.e. með uppsagnarfresti, heldur en þegar uppsögnin er ölögmæt.

Skilningur á forgangsréttarákvæði. Gildi forgangsréttar við uppsagnir

Með dómi sem kveðinn var upp þann 28. maí 2002 komst Félagsdómur að þeirri niðurstöðu að uppsagnir tveggja bifreiðstjóra í Bsf. Sleipni hjá fyrirtækinu K, á sama tíma og K hafði félagsmenn í VR í störfum sem fólksflutningabifreiðastjóra, hefðu verið brot á nýju forgangsréttarákvæði kjarasamnings SA og Bsf. Sleipnis frá 5. júlí 2001. Fyrirtækið K hafði orðið að segja upp níu bifreiðastjórum vegna samdráttar í rekstri flugrútunnar til Keflavíkur. Uppsagnirnar voru bein afleiðing af samdrætti í alþjóðlegum flugrekstri haustið 2001. Af þeim níu bifreiðastjórum sem fengu uppsögn voru aðeins tveir í Bsf. Sleipni. Dómurinn taldi að sérstök bókun sem fylgdi nýja forgangsréttarákvæðinu, þar sem fram kom að forgangsréttur Bsf. Sleipnis væri samhliða forgangsrétti annarra stéttarfélaga, tæki ekki til félagsmanna í Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur. Dómur taldi einnig lögmæt að beita forgangsréttarákvæðum almennt við uppsagnir starfsmanna vegna samdráttar. Einnig gagnvart þeim félagsmönnum VR sem ráðið höfðu sig til starfa hjá K áður en nýja forgangsréttarákvæðið tók gildi.



ALPJÓÐAMÁL

Samtök atvinnulífsins taka þátt í ýmiss konar fjölþjóðlegu samstarfi, einkum á Evrópuvettvangi og með samtökum atvinnurekenda á hinum Norður-löndunum. Samtökin starfrækja skrifstofu í Brussel og Evrópu- og alþjóðamálahópur SA er skipaður starfsfólki SA, aðildarfélag og aðildarfyrirtækja, auk sérfræðinga utan samtakanna. Hópurinn fundaði tvisvar sinnum á starfsárinu, meðal annars til að fjalla um samskipti Íslands og EFTA við Evrópusambandið, um málefni Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar WTO og fleira. Formaður Evrópu- og alþjóðahópsins er Gústaf Adolf Skúlason, forstöðumaður stefnumótunar- og samskiptasviðs SA.

9.1 EFTA, EES OG ESB

Stækkun Evrópusambandsins og þar með Evrópska efnahagssvæðisins hefur verið helsta viðfangsefni Evrópusamtaka undanfarin misseri. Allt bendir til þess að fyrir mitt næsta ár verði aðildarríki ESB orðin 25 og EES ríkin þar með 28. Erfiðar viðræður um framlög EFTA-EES ríkjanna til uppbyggingar og lífsskjarajöfnunar innan ESB bíða úrlausnar auk þess sem bætur vegna skertra viðskiptakjara við stækkunina eru til umfjöllunar. ESB ýtti úr vör ráðstefnu um framtíðarskipulag, viðfangsefni og stofnanir samstarfsins til að mæta fyrirhugaðri fjölgun aðildarríkja. Engan veginn er ljóst hver niðurstaða ráðstefnunnar verður en flest bendir til þess að ESB með 25 aðildarríki verði í mörgu frábrugðið því sambandi sem við stöndum frammi fyrir í dag. Útilokað er að spá um áhrif þeirra breytinga sem samþykktar verða á EES samningnum en allt bendir til þess að að minnsta kosti einhver breyting eða aðlögun verði óumflýjanleg. EES samningurinn stendur fyrir sínu sem fyrr þó svo að ESB hafi aukið við viðfangsefni samstarfsins frá því að samningurinn var gerður. Vel hefur gengið að afgreiða viðeigandi reglur og samþykktir ESB inn í samninginn.

9.2 RÁÐGJAFARNEFNDIR EFTA OG EES

Undanfarna tólf mánuði hefur ráðgjafarnefnd EFTA haldið fjóra fundi auk funda með fastanefnd EFTA og funda í ráðgjafarnefnd EES, sem samanstendur af fulltrúum úr ráðgjafarnefndum EFTA annars vegar og ESB hins vegar. Árlegur fundur nefndarinnar með ráðherrum EFTA ríkjanna var haldinn á Egilsstöðum í júní 2002. Í starfi nefndarinnar var lögð áhersla á að fækka forgangsviðfangsefnum með það fyrir augum að umfjöllunarefnið verði í sterkari tengslum við verkefni Evrópusamstarfsins á hverjum tíma. Nefndin samþykkti

nokkrar ályktanir, sjálf og í samstarfi við fulltrúa úr Efnahags- og félagsmálanefnd ESB innan EES ráðgjafarnefndarinnar. EES nefndin ályktaði um stækkun ESB/EES og Lissabon ferilinn svokallaða, en samkvæmt honum á ESB að verða samkeppnishæfasta upplýsingasamfélag veraldarinnar árið 2010. Lýst er eindregnum stuðningi við stækkunina og lögð áhersla á að stækkun EES verði samtímis. Lissabon markmiðin virðast hins vegar álíka fjarlæg og þau voru vorið 2000 þegar blásið var til sóknar í Lissabon. Ráðgjafarnefndin brýnir Evrópuríkin til að sækja í sig veðrið en tími orða sé liðinn og tími athafna runninn upp. Ráðgjafarnefndin bauð fulltrúum samtaka á vinnumarkaði í væntanlegum aðildarríkjum ESB/EES til ráðstefnu þar sem þeim var kynntur EES samningurinn og fjallað um ólíka stöðu á vinnumarkaði í nýju aðildarríkjunum og í EFTA ríkjum. Ráðstefnan sem haldin var í Osló var vel sótt og þótti takast vel.

9.3 UNICE – EVRÓPUSAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Á fundi með leiðtogum Evrópusambandsins í Belgíu í desember 2001 gáfu Evrópusamtök vinnumarkaðarins fyrirheit um aukin umsvif í samráði sín á milli sem tæki bæði til sameiginlegra yfirlýsinga og Evrópusamninga að eigin frumkvæði. Um er að ræða UNICE (samtök atvinnurekenda), UEAPME (samtök smáfyrirtækja og einyrkja), CEEP (samtök fyrirtækja í opinberri eigu) og ETUC (samtök verkalýðssamtaka). SA eiga aðild að UNICE (sem og Samtök iðnaðarins) og ASÍ og BSRB eiga aðild að ETUC. Ljóst er að framkvæmdastjórn ESB gengur út frá því að Evrópusamráðið gildi nánast án undantekninga fyrir EES/EFTA ríkin, Ísland, Noreg og Lichtenstein. Í nóvember á síðasta ári lögðu þessi samtök fram





áætlun um samráð fyrir leiðtoga ESB. Í áætluninni sem tekur til áraanna 2003 – 2005 er meðal annars lögð áhersla á símenntun, jafnrétti og aðgerðir gegn svartri atvinnustarfsemi, streitu, einelti og áreitni á vinnustöðum. Ýmist er gert ráð fyrir rammisamningum um viðfangsefni sem yrðu framkvæmdir af aðilum vinnumarkaðarins í hverju aðildarríki fyrir sig, eða sjálfviljugum aðgerðum til að stuðla að framgangi mála. Stefnt er að því að hefja viðræður um aðgerðir gegn streitu á vinnustöðum fyrir mitt þetta ár.

UNICE hefur beitt sér mjög í Lissabon ferlinum, meðal annars með skýrslugerð um árangurinn og ályktunum til leiðtogafunda ESB um efnið. UNICE hefur átt áheyrnarfulltrúa á framtíðarráðstefnu ESB en samtökin hafa þar lagt áherslu á einfaldara og skilvirkara regluverk, mikilvægi þess að lagatextar samstarfsins séu auðskiljanlegir og að samkeppnishæfni evrópskra fyrirtækja verði sett á oddinn. Stækkun ESB mun leiða af sér stækkun samtaka á borð við UNICE. Töluvert starf hefur verið unnið til að styrkja samtök vinuveitenda í væntanlegum aðildarríkjum, bæði til að meta og auka fulltrúahæfi þeirra og búa þau undir mögulega aðild að UNICE.

9.4 SAMRÁÐ OG AÐILD AÐ EVRÓPSKUM SAMNINGUM

Samningur um fjarvinnu

UNICE og ETUC, Evrópusamtök verkalýðsfélaga, undirrituðu þann 16. júlí 2002 samning um fjarvinnu. Það er það fyrirkomulag þegar starfsmaður innir, með aðstoð upplýsingatækni, reglulega af hendi störf utan starfsstöðvar fyrirtækis sem einnig er hægt að vinna þar.

Samningurinn á sér rætur í þeirri viðleitni Evrópusambandsins að koma á nútímalegra og sveigjanlegra vinnuskipulagi til að auka samkeppnishæfni fyrirtækja og koma á því sem framkvæmdastjórnin kallar nauðsynlegt jafnvægi milli sveigjanleika og öryggis starfsmanna. Framkvæmdastjórnin bauð aðilum vinnumarkaðarins því að semja um starfsskilyrði fjarvinnufólks í stað

þess að bandalagið setti lög. Það er í samræmi við reglur Rómarsáttmálans sem skylda framkvæmdastjórnina til að hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins íhugi hún lagasetningu og gefa þeim þess í stað tækifæri til að semja um viðkomandi mál.

Samningurinn um fjarvinnu er frábrugðinn fyrri samningum að því leyti að hann er alfarið á ábyrgð samningsaðila og verður ekki veitt lagagildi með tilskipun. Aðildarfélög samningsaðilanna, þar á meðal SA og ASÍ, skulu taka reglur samningsins upp í kjarasamninga sína fyrir 16. júlí 2005.

Í samningnum er gert ráð fyrir að fjarvinna byggji á frjálsu vali viðkomandi aðila. Fjarvinnustarfsmaður skal njóta sömu kjara samkvæmt lögum og kjarasamningum og sambærilegir starfsmenn á starfsstöð fyrirtækisins. Viðbótar-samningar sem taka tillit til sérstöðu fjarvinnunnar geta þó verið nauðsynlegir. Þá eru í samningnum ákvæði um vernd tölvugagna, persónuvernd, búnað og tæki, vinnuvernd og fleira.

Samningaviðræður um vinnutengda streitu

UNICE-ETUC hafa lýst sig fús til samninga um vinnutengda streitu í samræmi við samstarfsáætlun samtakanna sem gengið var frá síðastliðð haust. Undirbúningur viðræðna er hafinn meðal annars með ráðstefnu sem haldin var í Brussel í febrúar en þar gafst aðilum tækifæri til að skiptast á skoðunum. Til að ræða afstöðu fyrirtækja og fá betri upplýsingar um hvað þar er að gerast í þessum efnum héldu SA fund með starfsmannastjórum í lok mars. Þar kom meðal annars fram að íslenskir starfsmenn skera sig úr í viðhorfsskönnunum hvað varðar starfsánægju. Veikindafjarvistir eru einnig tiltölulega litlar samanborið við nágrannalöndin.

Upptaka Evrópureglna í íslenskan rétt

Efnisatriði tilskipana Evrópusambandsins þarf að innleiða í landsrétt annað hvort með lögum eða kjarasamningum. Tilskipanirnar á vinnuréttarsviði ákvarða oftast lágmarksréttindi og gefa íðulega góða möguleika á útfærslu. Það er því veruleg vinna fólgin í samningum eða undirbúningi lög-gjafar hér heima en SA hafa yfirleitt komið að þeirri vinnu.

Á starfsárinu var gengið frá samningi milli SA og ASÍ um hlutavinnu í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins um það efni. Langdregnar samningaviðræður voru einnig á milli samtakanna um reglur tilskipunarinnar um tímabundnar ráðningar. Þær viðræður strönduðu vegna ágreinings



um hvernig haga beri takmörkunum á endurteknunum tímabundnum ráðningum. Lagasetning er í undirbúningi í félagsmálaráðuneytinu og málið í nokkru uppnámi.

Með breytingu á vinnuverndarlögum voru reglur tilskipunar um hámarksvinnutíma lögfestar auk reglna um áhættumat skv. almennri tilskipun um vinnuvernd sem vinnuveitanda er skylt að láta framkvæma og heilsuvernd starfsmanna, þar á meðal forvarnir, sjá kafla 8.2.

9.5 EVRÓPUSKRIFSTOFA ATVINNULÍFSINS

Á komandi hausti eru tíu ár liðin frá því Evrópu-skrifstofan tók til starfa með núverandi sniði. Hlutverk skrifstofunnar hefur frá upphafi annars vegar verið að safna upplýsingum um ESB/EES og miðla þeim til fyrirtækja og hagsmunaaðila á Íslandi og hins vegar að koma afstöðu sömu hagsmunaaðila til Evrópulöggjafar á framfæri. Aðild SA að UNICE hefur auðveldað mjög þessi viðfangsefni auk þess sem samtökin veita ómetanlega þjónustu í skilgreiningu og mati á tillögum frá ESB. Annar erindrektur svo sem við sendiráð Íslands í Brussel og skrifstofu EFTA er forgangsverkefni. Haustið 2002 fór framkvæmdastjórn SA í kynnisferð til Brussel og átti meðal annars fundi með embættismönnum EFTA og ESB, sendiherra Íslands og starfsfólki sendiráðsins. Skrifstofan hefur og tekið á móti ýmsum hópum jafnt sem einstaklingum sem erindi hafa átt til Brussel.

9.6 ALÞJÓÐAVINNUMÁLA-STOFNUNIN ILO

Samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins um mál-efni ILO sem í eiga sæti fulltrúar SA og ASÍ fjallaði samkvæmt venju um framkvæmd ILO reglna hér á landi. Á verksviði nefndarinnar er einnig skýrslugjöf varðandi Félagsmálasáttmála Evrópu. Fulltrúar þessara samtaka sóttu einnig 90. þing ILO sem haldið var í Genf 3. – 20. júní 2002.

Vinnumálapingið

Meðal umfjöllunarefna á vinnumálapinginu voru barnavinna, þríliða samvinna aðila vinnumarkaðar og ríkisstjórna, framkvæmd aðildarríkjanna á alþjóðasamþykktum ILO, skráning atvinnusjúkdóma og neðanjarðar hagkerfið sem er gífurlegur og vaxandi vandi í þróunarríkjunum.

Sérstaða ILO er fólgin í samvinnu ríkisstjórna, vinnuveitenda og launþega en þessir aðilar eiga allir fulltrúa og atkvæðisrétt á þingi og í stjórn ILO sem er eins og kunnugt er ein af stofnunum Sam-

einuðu þjóðanna. Í ályktun sem samþykkt var á ILO þinginu, og byggði á tillögu vinnuveitenda, er fjallað um þríliða samvinnu og skoðanaskipti þessara aðila á félagsmálasviði.

ILO hefur beitt sér mjög gegn barnavinnu. Vandann er lýst ítarlega í nýrri skýrslu ILO, *Framtíð án barnavinnu* (*A future without child labour*) sem er liður í að fylgja eftir yfirlýsingu ILO um grundvallarviðmið og réttindi við vinnu.

Umfjöllun um framkvæmd aðildarríkja ILO á þeim samþykktum stofnunarinnar sem þau hafa fullgilt og meint brot einstakra ríkja er fastur liður á dagskrá ILO þingsins. Sum þessara brota verða að teljast mjög alvarleg. Íslensk kærurnar virðast harla léttvæg í því samhengi

Í lok þingsins var samþykkt bókun um skráningu vinnuslysa og atvinnusjúkdóma sem er viðbót við samþykkt ILO frá 1981 um vinnuvernd. Ágreiningur var um það fyrirkomulag en samþykktin þykir gölluð og hefur því aðeins verið fullgilt af 37 ríkjum. Flestir fulltrúar vinnuveitenda, þar á meðal fulltrúi SA, sátu því hjá við atkvæðagreiðsluna þótt þeir væru í meginatriðum sáttir við efni bókunarinnar.

Þingið samþykkti einnig tillögu um lista um atvinnusjúkdóma. Samkvæmt tillögunni sem ekki er lagalega bindandi er gert ráð fyrir að aðildarríkin geri á þeim grundvelli skrá yfir atvinnusjúkdóma og einnig að því marki sem mögulegt er um sjúkdóma sem grunur leikur á að geti verið atvinnusjúkdómar. Gert er ráð fyrir að ILO listinn verði endurskoðaður reglulega af hópi sérfræðinga og að fulltrúar vinnuveitenda og launþega komi að þeirri vinnu.

Kærurnar ASÍ

ASÍ og Farmanna- og fiskimannasambandið kærðu til ILO setningu laga nr. 34/2001 sem bundu enda á kjaradeilu sjómanna og kváðu á um skipan gerðardóms til að skera úr um ágreining aðila.

Niðurstaða félagafræðisnefndar ILO í málinu var birt í lok mars. Í tilmælum nefndarinnar til íslenskra stjórnvalda er minnt á að verkfallsréttur sé viðurkenndur samkvæmt íslenskum lögum. Nefndin telur gerðardómsfyrirkomulag það sem lög 34/2001 ákváðu brjóta gegn meginreglunni um frjálsa kjarasamninga. Nefndin minnir í því sambandi á að nefndir sem skipaðar séu til að setja niður deilur milli samningsaðila skuli vera óháðar og málsskot til þeirra frjálst, nema þegar um er að ræða bráða þjóðarkreppu (acute national crisis) sem nefndin í þessu tilviki var ekki í aðstöðu til að ákveða. Um leið og nefndin



harmar að fjölmörg samsvarandi mál hafi komið upp á liðnum árum þar sem brotið hafi verið gegn ILO samþykktum nr. 87 og 98 mælist hún til þess að ríkisstjórnin breyti reglum og framkvæmd við gerð kjarasamninga til að forðast endurtekin lagainngrip í kjaraviðræður í framtíðinni. Nefndin vekur athygli stjórnvalda á þeirri tæknilegu aðstoð sem skrifstofa stofnunarinnar getur veitt.

Í forsendum nefndarinnar er einnig að finna ummæli um að jafnvel þó að talið yrði að vinnustöðvun í fiskiðnaði geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir efnahaginn, stofni hún ekki lífi, öryggi eða heilsu allra íbúa landsins eða hluta þeirra í hættu. Þetta endurspeglar vel þau sjónarmið sem Félagafrelsisnefnd ILO leggur til grundvallar. Það sem að mati nefndarinnar getur réttlæt afskipti stjórnvalda af langvinnum vinnudeilum er nánast eingöngu stöðvun í þjónustugreinum sem hefðbundið hafa verið á hendi opinberra aðila. Nefndin virðist hafa fest sig í gömlum og úreltum viðmiðum þar sem ekki er viðurkennt að efnahagsleg neyðarstaða geti verið fyrir hendi. Nefndin leggur þannig önnur og mun þrengri viðmið til grundvallar en Mannréttindadómstóll Evrópu. Þá er því við að bæta að umfjöllun nefndarinnar sýnir glögglega skort á skilningi og þekkingu á íslenskum aðstæðum auk þess sem þar er að finna beina rangfærslu á staðreyndum.

9.7 IOE, ALPJÓÐASAMTÖK VINNUVEITENDA

Alpjóðasamtök vinnuveitenda, IOE, starfa á vettvangi ILO, vakta hagsmuni vinnuveitenda gagnvart stofnuninni og þjónusta aðildarsamtökin, þar á meðal SA, eftir því sem þörf er á. Samtökin hafa á starfsárinu unnið áfram að því að draga úr reglusetningu ILO umfram almennar grundvallar-

reglur sem sátt sé um og flest ríki sjái sér fært að fullgilda og sem geti verið grunnur sem hægt sé að byggja á í alpjóðasamskiptum. Þá hafa samtökin beitt sér fyrir afnámi barnaþrælkunar og nauðungarvinnu og gefið út leiðbeiningar fyrir vinnuveitendur um fjölmörg málefni.

9.8 NORRÆN SAMVINNA

Norræna ráðherranefndin heldur árlega samráðsfundi með aðilum vinnumarkaðar þar sem fjallað er um vinnumarkað, vinnuvernd, vinnurétt og fleira. Sérstök embættismannanefnd sem undirbýr þessa fundi kom saman í Reykjavík í september og hélt þá fund með aðilum vinnumarkaðar á Norðurlöndum. Auk SA sóttu fundinn fulltrúar frá NHO, norsku samtökum atvinnulífsins og DA, dönsku vinnuveitendasamtökunum, ásamt fulltrúum ASÍ og Norrænu verkalýðssamtakanna, NFS. Rætt var um þau mál sem helst eru á dagskrá í Evrópusamvinnunni, tillögur NFS um stjórnarþátttöku stéttarféлага í norrænum móðurfélögum og fyrirkomulag á samstarfinu. Norrænu vinnuveitendasamtökin hafa samvinnu um fundarsókn og hagsmunagæslu sína gagnvart Norrænu ráðherranefndinni.

9.9 FASTANEFND NORRÆNU VINNUVEITENDASAMTAKANNA

Fulltrúar SA og SI sóttu fund fastanefndar forystumanna norrænu atvinnurekendasamtakanna sem haldinn var í lok ágúst síðastliðinn í Bergen í Noregi. Þessir fundir samtaka vinnuveitenda og iðnrekenda hafa verið haldnir sameiginlega síðustu ár, enda hafa samtökin í Noregi, Finnlandi og Svíþjóð verið sameinuð.

Á fundinum var farið yfir efnahagsspróun á Norðurlöndum, en sérstaklega fjallað um endurbætur á velferðarkerfum Norðurlanda, viðskipti evrópskra fyrirtækja í Asíu og um evruna.

9.10 LÖGFRÆÐINGAMÓT NORRÆNU VINNUVEITENDASAMTAKANNA

Lögfræðingamót norrænu vinnuveitendasamtakanna var haldið í Nådendalen í Finnlandi dagana 21. – 24. ágúst 2002. Helsta viðfangsefni fundarins voru skýrslur allra samtakanna um uppsagnir vegna samdráttar en þar gerði hvert land fyrir sig grein fyrir þeim reglum sem þar gilda. Umræðan var mjög fróðleg og sýndi vel þau vandkvæði sem strangar reglur um uppsagnir og sönnunarkröfur hafa í för með sér. Þá var samkvæmt venju skipst á upplýsingum um löggjöf og dómaframkvæmd á sviði vinnuréttar.



9.11 ÁRSFUNDUR HAGDEILDA NORRÆNU ATVINNUREKENDASAMTAKANNA

Ársfundurinn var haldinn í Kaupmannahöfn 21. – 23. ágúst 2002. Meginefni fundarins voru veikindafjarvistir og hafði hvert land framsögu um stöðu mála hjá sér. Hlutur Dana var þó sýnu stærstur þar sem danska vinnuveitendasambandið (DA) hafði nýlega gefið út mikla skýrslu um efnið. Fjarvistir vegna veikinda eru hins vegar langmestar í Noregi af Norðurlöndunum, eða nálægt 9% hjá verkafólki. Á fundinum var kynnt skýrsla sem SA gáfu út um sveigjanleika á vinnu- markaði og upptöku evrunnar.

9.12 FUNDUR STEFNUMÓTUNAR- OG SAMSKIPTASVIÐA NORRÆNU ATVINNUREKENDASAMTAKANNA

Stefnumótunar- og samskiptasvið norrænu atvinnurekendasamtakanna funduðu í Stokkhólmi 15. ágúst 2002. Var þetta fyrsti slíki norræni fundurinn, en til skamms tíma voru haldnir fundir upplýsingadeilda norrænu samtakanna. Fjallað var um helstu áherslumál, starfsaðferðir, málefna- starf og fleira. Mikil samfella er í mörgum helstu áherslumálum samtakanna, svo sem skatta- og menntamálum, einkavæðingu og rannsóknum og þróun. Af helstu áherslumálum og verkefnum hjá norrænu systursamtökunum má nefna mál- efni innflytjenda og stöðu þeirra á vinnumarkaði, greiðan aðgang að vinnumarkaði fyrir erlent starfsfólk, að fá fólk til að fara seinna á eftirlaun eða að minnsta kosti stöðva þá þróun að fólk geri það sífellt yngra, og velferðarkerfi og jaðaráhrif skattkerfisins, það er mikilvægi þess að gera vinnu meira fjárhagslega aðlaðandi.

9.13 ÁRSFUNDIR UMHVERFIS- OG VINNUVERNDARDEILDA NORRÆNU ATVINNUREKENDASAMTAKANNA

Ársfundur norrænu atvinnurekendasamtakanna um vinnuvernd

Ársfundur samtaka atvinnurekenda á Norðurlöndum um vinnuvernd var haldinn í Kaupmannahöfn dagana 5. – 6. september 2002. Þar var meðal annars rætt um reglubyrði atvinnulífsins á Norðurlöndum og þá viðleitni stjórnvalda að draga úr henni og einfalda. Kostnaður atvinnulífsins sem fylgir tímabundinni fjarveru frá vinnu og hvarfi starfsmanna af vinnumarkaði var einnig til umræðu. Orsakir tímabundinnar fjarveru má einkum rekja til veikindaforfalla, en veikindaforföll starfs-

manna eru tíðari á hinum Norðurlöndunum en á Íslandi. Árið 2001 voru veikindaforföll 9,1% í Noregi, 8,3% í Svíþjóð, 5,7% í Danmörku og 6,1% í Finnlandi, á meðan þau voru um 3,3% á Íslandi (skráningin er reyndar ófullkomnari hérlandis). Frá- hvarf starfsmanna af vinnumarkaði má einkum rekja til lækkandi eftirlaunaaldurs, en í Danmörku hefur eftirlaunaaldurinn lækkað frá árinu 1967 úr 68-69 árum niður í 59 ár. Þar hefur mest áhrif fjölgun starfsmanna sem fara á örorkubætur.

Ársfundur umhverfiseilda norrænu iðnrekendasamtakanna

Sameiginlegur fundur samtaka norrænna iðnrekenda um umhverfismál var haldinn á Yxtaholmen í nágrenni Stokkhólms dagana 3. – 4. október 2002, en fundinn sóttu fulltrúar frá SI og SA. Þar var greint frá nýafstöðnum fundi Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem haldinn var í Jóhannesarborg dagana 26. ágúst til 4. septem- ber síðastliðinn. Töldu menn að á þeim fundi hefði náðst dágóður árangur. Rædd voru þau umhverfismerki sem einkum eru í notkun í dag, svanurinn á Norðurlöndum, engillinn í Þýskalandi og blóm Evrópusambandsins. Samræma þarf þessi umhverfismerki á einn eða annan hátt svo að aðeins eitt slíkt merki verði í notkun á Evrópu- svæðinu. Margir leggja aukna áherslu á umhverf- isskjöl með vöru (miljómærkning) sem hefur að geyma úttekt á umhverfisáhrifum (miljøvaredekl- aration) viðkomandi vöru frá vöggu til grafar. Í slíkri umhverfisúttekt kemur fram notkun hráefna, orku og vatns við framleiðslu vörunnar, losun aukaefna við framleiðsluna og áhrif þeirra á um- hverfið og að lokum meðferð vöruafganga eða úrgangs sem af vörunni stafar að notkun lokinni. Um þessar mundir fer fram mikil umræða um þessi mál og sýnist sitt hverjum. Stefnt er að því að ná samkomulagi um endanlegt fyrirkomulag þessara mála í Evrópu.

9.14 AF STARFI NEMIA

SA eiga aðild að gagnkvæmu váttryggingarfélagi norrænu vinnuveitendasambandanna, *Nordic Employers Mutual Insurance Association* sem VSÍ átti aðild að frá árinu 1988. Hlutverk félagsins er að endurtryggja tjónsáhættu vinnudeilusjóða samtakanna vegna bótagreiðslna í tengslum við vinnustöðvanir. Félagið sem starfar í Lúxemborg er lokað og aðild að því eiga einungis hin fimm norrænu samtök vinnuveitenda. NEMIA greiddi Vinnudeilusjóði SA (VDS) um 30 m.kr. af þeim 211 m.kr. sem VDS greiddi vegna sjómannaverk- falls vorið 2001.



MENNTASTARF SAMTAKA ATVINNULÍFSINS



10.1 HELSTU VIÐFANGSEFNI Á SVIÐI MENNTAMÁLA

Samtök atvinnulífsins taka mikinn þátt í fjölbreyttu samstarfi á sviði mennta- og fræðslumála. Starf- að er einkum með aðildarsamtökum SA, samtök- um launafólks og opinberum aðilum. Samtök atvinnulífsins hafa mótað sér almenna stefnu á þessu sviði og vinna að framgangi hennar með öðrum. Menntahópur SA er skipaður fulltrúum aðildarsamtakanna. Menntahópurinn hélt fimm fundi á starfsárinu 2002-2003. Jón Sigurðsson, verkefnisstjóri hjá SA, tók við formennsku í hópn- um á árinu af Inga Boga Bogasyni menntafultrúa Samtaka iðnaðarins.

Þau viðfangsefni sem mest var unnið við á starfsárinu eru þessi: Mennt, Starfsmenntaráð, Starfsgreinaráð, fræðslusjóðir aðila vinnumarkað- arins, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og ýmsar aðrar nefndir og ráð. Auk þess tóku fulltrúar SA þátt í Evrópusamstarfi á sviði mennta- og fræðslumála og áttu þátt í ráðstefnum og fund- um, þar á meðal um þróun skólakerfisins á veg- um menntamálaráðuneytis.

Á árinu var tekið saman heildaryfirlit um starf og samstarfsverkefni Samtaka atvinnulífsins í mennta- og fræðslumálum og er það birt á

heimasíðu SA (hnappur á kjaramálasíðu sa.is). Þar eru m.a. nefndar allar helstu stofnanir, stjórnir og sjóðir aðila vinnumarkaðarins á þessu sviði og hlutverkaskipting tilgreind með örfáum orðum.

10.2 MENNT

Áfram var unnið að uppbyggingu Menntar, samstarfs- og samráðsvett- vangs atvinnulífs og skóla á sviði menntunar, sem þjóna á fyrirtækjum, félögum, skólum og öðrum fræðslustofnunum. Stærsta verkefni Menntar á árinu var uppbygging á sameiginlegri upplýsingaveitu um námsfram- boð á Íslandi, mennt.is. Hér er á ferðinni gagna- grunnur og vefsíðukerfi sem ætlað er að auka fólki yfirsýn yfir það nám sem í boði er á fram- halds- og háskólastigi og á endur- og símenntun- arstigi. Finnur Geirsson, formaður SA, og Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, opnuðu vefinn á Viku símenntunar.

Af innlendum viðburðum sem hafa verið í um- sjá Menntar ber hæst Viku símenntunar, sem er átak á landsvísi sem miðar að því að hvetja fólk til að auka þekkingu sína og færni. Mörg fyrirtæki, stofnanir, skólar og einstaklingar um land allt tóku þátt í dagskrá átakins dagana 8. til 15. septem- ber, sem var vel heppnað að flestu leyti. Af öðrum innlendum viðburðum má nefna UT ráðstefnu um upplýsingatækni í skólastarfi, sem Mennt hafði umsjón með og haldin var á Akureyri um mán- aðamótin febrúar-mars síðastliðinn. Einnig sér Mennt um árleg Starfsmenntaverðlaun í samstarfi við Starfsmenntaráð og voru þau afhent í Viku símenntunar í september (sjá kafla 10.3). Fjallað er um Evrópuverkefni Menntar hér til hliðar.

10.3 STARFSMENNTARÁÐ

Starfsmenntaráð starfar samkvæmt lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu frá 1992. Tilgangur ráðsins er að efla starfsmenntun í landinu og út- hlutar það meðal annars styrkjum til starfsmennt- unar. Í Starfsmenntaráð eru sjö menn skipaðir af félagsmálaráðherra. Þrír eru skipaðir samkvæmt tilnefningu frá samtökum atvinnurekenda og þrír samkvæmt tilnefningu frá samtökum launafólks. Ráðherra skipar síðan einn án tilnefningar. Und- anfarin ár hefur starfsmenntasjóður Starfsmennta- ráðs árlega fengið um 60 milljónir króna úr at- vinnuleysistryggingasjóði til úthlutunar. Í ár lagði starfsmenntaráð áherslu á þrjú þemu við úthlut- anir á styrkjum. Þau eru: a) ný tækifæri til náms, b) náms- og starfsráðgjöf í atvinnulífinu, og c) stuttar starfsmenntabrautir. Þá hafa tilteknaðar fjár-

Evrópuverkefni Menntar

Stór þáttur í starfsemi Menntar lýtur að stuðningi við þá sem hafa áhuga á auknu Evrópu- samstarfi tengdu starfsmenntun og þróun menntunar fyrir atvinnulífið. Mennt tengist þar þremur áætlunum Evrópusambandsins, **Leonardó da Vinci**, **CEDEFOP** og **Europass**. Allar upplýsingar um mögulegt Evrópusamstarf innan Menntar gefur verkefnastjóri Evrópumála hjá Mennt, Aðalheiður Jónsdóttir (alla@mennt.is).

Leonardo da Vinci

MENNT er þjónustuskrifstofa Landsskrifstofu Leonardós á Íslandi og hefur umsjón með skilgreindum atriðum innan áætlunarinnar. Mennt sér um kynningar, ráðgjöf og aðstoð við umsækjendur. Bein aðstoð við umsækjendur í umsóknarferlinu hefur verið fyrirferðarmest, en sú þjónusta er umsækjendum að kostnað- arlausu. Miklir möguleikar felast í þátttöku í Leonardó áætluninni, og hefur Mennt í samvinnu við Lands- skrifstofu Leonardós reynt að hvetja fyrirtæki til aukinnar þátttöku, enda er þar um góða styrki að ræða og oft árangursríkt samstarf.

CEDEFOP

MENNT er íslenskur tengiliður CEDEFOP, miðstöðvar Evrópusambandsins um þróun í starfsmenntun. Hlut- verkið er tvíþætt. Annars vegar er umsjón með upplýsinganeti og gagnabanka CEDEFOP á sviði upplýsinga og rannsókna. Þar fer fram gagnkvæm miðlun upplýsinga til og frá Íslandi um það sem gerist í starfs- menntamálum. Mennt ber ábyrgð á að halda CEDEFOP upplýstri um það sem er að gerast á Íslandi og auð- velda aðgengi Íslendinga að þeim evrópsku upplýsingum sem CEDEFOP býr yfir. Hins vegar er um að ræða umsjón með námsferðum, skipulögðum og styrktum af CEDEFOP. Námsferðirnar eru þriggja til fimm daga heimsóknir ætlaðar leiðbeinendum, stefnumótendum og stjórnendum í starfsmenntun þar sem færi gefst á að kynna sér ákveðið efni innan starfsmenntakerfis annarra landa. Íslendingar hafa aðgang að átta slíkum styrkjum árlega og í staðinn tekur Mennt á móti einum hópi sérfræðinga hingað til lands á hverju ári.

Europass

Mennt hefur umsjóslu með EUROPASS á Íslandi, en það er starfsmenntavegabréf Evrópusambandsins. Eur- opassinn á að hvetja til aukins hreyfanleika fólks í starfsmenntun með því að stuðla að því að þjálfun sé viðurkennd á milli landa. Hann er ætlaður nemum í starfsnámi sem kjósa að fara í starfsþjálfun í öðru Evr- ópulandi. Passinn staðfestir að einstaklingur hafi hlotið starfsþjálfun í tengslum við nám sitt sem metin verður sem hluti af, eða viðbót við, nám á Íslandi.

upphæðir verið eyrnamerkar rannsóknum á sviði starfsmenntunar og til markaðssetningar og kynningar á verkefnum sem tengjast starfsmenntun.

Á hverju ári verðlaunar Starfsmenntaráð í samstarfi við Mennt þá sem unnið hafa framúrskarandi starf á sviði starfsmenntunar. Tilgangur verðlaunanna er að vekja athygli á mikilvægi starfsmenntunar og því sem vel er gert á þessu sviði. Verðlaunin eru veitt þeim aðilum sem þykja vinna framúrskarandi starf á sviði starfsmenntunar á Íslandi og eru þau veitt í þremur flokkum: flokki fyrirtækja og félagasamtaka, flokki skóla og fræðsluaðila og í opnum flokki. Verðlaunahafarnir árið 2002 voru Útgerðarfélag Akureyringa í flokki fyrirtækja, Menningar- og fræðslusamband alþýðu (MFA) í flokki skóla og fræðsluaðila og lðan (idan.is), upplýsingavefur Samtaka iðnaðarins í opnum flokki. Það var forseti Íslands sem afhenti verðlaunin í tengslum við viku símenntunar.

10.4 STARFSGREINARÁÐ

Samtök atvinnulífsins tilnefna fulltrúa í 11 starfsgreinaráð. Starfsgreinaráðum er samkvæmt lögum ætlað að skilgreina þarfir starfsgreina fyrir kunnáttu og hæfni starfsmanna og að setja fram markmið með starfsnámi. Þau gera einnig tillögur um skiptingu náms milli skóla og vinnustaða og semja reglur um nám á vinnustöðum. Ráðin eiga að hafa frumkvæði um tillögugerð um breytingar á námi og námsskipan og vera stjórnvöldum til ráðuneytis í málum er varða menntun í starfsgreinum er undir ráðin heyra.

Menntamálaráðuneytið veitir nokkru fé til starfsemi starfsgreinaráða og hafa nokkur þeirra starfsmenn í hlutastarfi eða hafa samið við fræðslustofnanir um þjónustu. Aðstæður og einstök verkefni starfsgreinaráða eru misjöfn eftir starfsgreinum og hefur ráðunum miðað misjafnlega.

Starf starfsgreinaráða er viðleitni til að efla tengsl starfsmennta og atvinnulífsins og til að veita atvinnulífinu formlega aðkomu að ákvörðunum um þróun og fræðsluskipan. Í lögum um framhaldsskóla frá 1996 eru mikilvæg skref stigin í þessa átt og er sammæli um að halda áfram á markaðri braut.

10.5 FRÆDSLUSJÓÐIR

Á árinu 2000 gerðu Samtök atvinnulífsins samninga við helstu viðsemjendur um stofnun sérstakra fræðslusjóða á almennum vinnumarkaði, einkum til að sinna starfsfræðsluþörfum ófag-

lærðra starfsmanna á vinnumarkaði. Þessir sam-eiginlegu fræðslusjóðir eru: Starfsafl, með félögum í Flóabandalaginu; Landsmennt, með Starfsgreinasambandinu; Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks, með Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur og Landssambandi íslenskra verzlunarmanna. Árið 2002 bættist við Sjómennt, með Sjómannasambandi Íslands.

Samið var um að Starfsafl hefði til ráðstöfunar 120 m.kr. til hausts 2003, Landsmennt hefði 140 m.kr. til sama tíma, Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks hefði 0,15 % af heildarlaunum starfsmanna frá fyrirtækjum og þriðjung af greiddu framlagi fyrirtækja frá stéttarfélögum en ákvæði um framlög skyldi endurskoða vorið 2003, og Sjómennt hefði 45 m.kr. frá Atvinnuleysistryggingasjóði til vors 2004.

Í reglugerðum fræðslusjóðanna eru meðal annars ákvæði um tilgang, starfsvettvang og verkefni. Þar er kveðið á um störf að þróunarverkefnum, kynningarstarfi og hvatningu. Sjóðirnir skulu meðal annars stuðla að aukinni hæfni starfsfólks og efla samkeppnisstöðu fyrirtækja, styrkja gerð námsefnis og fræðsluframboð og vinna að átaki á sviði starfsfræðslu á íslenskum vinnumarkaði.

Sjóðirnir hafa þegar skilað margháttaðum verkefnum. Á árinu gengust Samtök atvinnulífsins meðal annars fyrir óformlegri könnun á reynslunni sem fengist hafði af Starfsafl og Landsmennt og á viðhorfum fyrirtækja til sjóðanna. Niðurstöður þessarar könnunar voru mjög jákvæðar.

Til ársloka 2002 námu styrkveitingar Starfsafls þessum fjárhæðum: 14,1 m.kr. til um 900 félagsmanna í Flóabandalaginu; til fyrirtækja 13,0 m.kr.; auk þess hefur verið samþykkt að veita um 5 m.kr. en ekki greitt út. Um 900 starfsmenn hafa sótt starfstengd námskeið og tæplega 40 fyrirtæki hafa notfært sér þjónustu Starfsafls. Til ársloka 2002 námu samþykktar styrkveitingar úr Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks þessum fjárhæðum: 55 m.kr. alls til um 2.800 aðila, einstaklinga, hópa og fyrirtækja. Til ársloka 2002 námu styrkveitingar Landsmenntar þessum fjárhæðum: Um 21 m.kr. til um 1.400 einstaklinga; 51 styrkur til fyrirtækja og stéttarfélaga að fjárhæð einnig um 21 m.kr.; auk þess eru um 12 m.kr. samþykktir en ógreiddir styrkir. Sjómennt tók til starfa á árinu 2002 og til ársloka námu styrkveitingar Sjómenntar þessum fjárhæðum: Um 300 þús.kr. til 14 einstaklinga; um 250 þús.kr. til fyrirtækis og stéttarfélags; um 3,4 m.kr. eru samþykktir en ógreiddir styrkir.



10.6 FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNU-LÍFSINS

Verulegur hluti starfsmanna á almennum vinnumarkaði á Íslandi hefur ekki lokið skilgreindum námsáfangi eða námsbraut á framhaldsskólastigi. Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar hafa nú um 27% vinnuafis á Íslandi aðeins grunnskólanám að baki og önnur 15% hafa ekki lokið námsbraut á framhaldsskólastigi. Ljóst er að þetta fólk stendur höllum fæti að því er lýtur að símenntun og möguleikum til þróunar og sveigjanleika til jafns við framvindu atvinnulífs og nýsköpunar. Um leið liggur fyrir að takmörkuð grunnenntun og starfsmenntun stendur samkeppnishæfni og nýsköpun fyrir þrífum.

Gert var sérstakt samkomulag ASÍ og SA um þessi mál og ríkisstjórnin gaf út sérstaka yfirlýsingu 13. desember 2001 um stuðning við átak á þessu sviði. Þar kemur fram fullur vilji til að koma að almennu starfsmenntunarátaki fyrir vinnandi fólk með takmarkaða grunnenntun. Á árinu 2002 var unnið að undirbúningi og skipulagsmálum fyrir framkvæmd þessa starfsmenntaáttaks sem er mjög mikilvægt í samfélagslegum og efnahagslegum skilningi fyrir allt þjóðfélagið. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. var síðan stofnuð 20. desember 2002 sem vettvangur fyrir framkvæmd þessa samstarfsverkefnis. Stofnaðilar og eigendur að jöfnu eru ASÍ og SA. Í samþykktum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins segir m.a. um tilgang og starfsvettvang:

„Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. er samstarfsvettvangur Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði í samstarfi við aðrar sameiginlegar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA. Meðal hlutverka FA er að efla framboð á námstækifærum fyrir fólk á

vinnumarkaði með litla formlega grunnenntun, nýbúa o.fl., svo og önnur verkefni sem hafa almenna samfélagslega skírskotun. FA er miðstöð kennslufræðilegrar ráðgjafar og þróunar á starfsviði sínu.“

Á fyrstu mánuðum ársins 2003 var áfram unnið að skipulagsmálum, viðræðum við stjórnvöld og að undirbúningi starfsemi og verkefna á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins ehf. Miklum tíma var varið til viðræðna við forsætisráðuneyti og ráðuneyti fjármála, mennta og félagsmála um nánari skilgreiningar á verksviði og viðfangsefnum og til að tryggja sameiginlegan skilning á markmiðum. Gengið var frá þjónustusamningi í marsmánuði 2003 og 2. apríl var hann undirritaður af þeim Tómasi Inga Olrich, menntamálaráðherra, Finni Geirssyni, formanni SA og Grétari Þorsteinssyni, forseta ASÍ. Með þjónustusamningi þessum var fjárhagslegur grundvöllur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins ehf. tryggður, í fyrstu lotu til ársins 2006, en jafnframt kveðið á um verkefni og skyldur og um mat sem sameiginlega verður lagt á árangur starfseminnar.

10.7 TILNEFNINGAR SA Í NEFNDIR OG RÁÐ Á SVIÐI MENNTA-MÁLA

Starfsmenntaráð félagsmálaráðuneytis

Aðalm. Gústaf Adolf Skúlason, SA
Aðalm. Ingi Bogi Bogason, SI
Aðalm. Halldór Frímannsson, VÍS hf.
Varam. Jón H. Magnússon, SA
Varam. Ágúst H. Elíasson, SF
Varam. Ingvar Stefánsson, Olíufélagið hf.

Mennt, samstarfsnefnd atvinnulífs og skóla

Aðalm. Gústaf Adolf Skúlason, SA
Aðalm. Emil B. Karlsson, SVP
Varam. Ingi Bogi Bogason, SI
Varam. Ágúst H. Elíasson, SF

Dómnefnd starfsmenntaverðlauna

Aðalm. Jónína Gissurardóttir, SA
Varam. Ragnar Árnason, SA

Verkefnisstjórn vegna fimm ára áttaks um símenntun

Aðalm. Jónína Gissurardóttir, SA

Vika símenntunar 2002

Jónína Gissurardóttir, SA

Samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi

Aðalm. Ágúst H. Elíasson, SF



Guðbrandur Magnússon, Morgunblaðið
Guðlaug Ólafsdóttir, Oliufélagið hf.
Ingi Bogi Bogason, SI
Róbert Trausti Árnason,
Keflavíkuværktakar hf.
Steinar Davíðsson, Viðeyjarstofa

Varam. Erna Hauksdóttir, SAF
Guttormur Pálsson, Meistarafél.
iðnaðarm. í Hafnarfirði
Ingólfur Sverrisson, SI
Ólafur Steingrímsson, Oddi hf. prentsm.
Svavar Svavarsson, Grandi hf.
Þorlákur Björnsson, Orkuveitan

Starfsgreinaráð menntamálaráðuneytis

SA skipar 23 aðalmenn og varamenn þeirra í eftirtalin 11 starfsgreinaráð:

Björgun, öryggisvarsla, og löggæsla
Byggingar og mannvirkjagerð
Farartækja- og flutningsgreinar
Fjármála- og verslunargreinar
Hönnunar- og handverksgreinar
Matvæla- og veitingagreinar
Málm-, véltækni- og framleiðslugreinar
Náttúrunýting
Sjávarútvegs- og siglingagreinar
Snyrtigreinar
Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar

Stýrimannaskólinn í Reykjavík – skólanefnd

Aðalm. Haukur Már Stefánsson, Eimskip hf.
Varam. Ólafur J. Briem, Skipatækni

Vélskóli Íslands – skólanefnd

Aðalm. Guðfinnur Johnsen, LÍÚ
Aðalm. Kristján Ólafsson, Samskip hf.
Varam. Ólafur Briem, Skipatækni

Viðskiptaháskólinn á Bifröst – skólanefnd

Aðalm. Ármann Þorvaldsson, Kaupþing hf.
Aðalm. Tryggvi Jónsson, Baugur hf.
Varam. Atli Atlason, Búnaðarbanki hf.
Varam. Ólafur Ólafsson, Samskip hf.

Starfsfræðslunefnd fyrir iðnverkfólk

Davíð Stefánsson, Vefur – samskipta-
lausnir

Stjórn verkstjóranámskeiða

Aðalm. Ingólfur Sverrisson, SI
Varam. Ragnar Árnason, SA

Endurmenntunarsjóður félags leiðsögumanna

Kristín Hrönn Þráinsdóttir,
Ferðaskrifstofa Íslands hf.
Berglaug Skúladóttir, Ferðaskrifstofa
Íslands hf.

Starfshópur vegna starfsnáms á vinnustað

Aðalm. Ingi Bogi Bogason, SI
Aðalm. Emil B. Karlsson, SVP

Starfshópur vegna ólæsis

Emil B. Karlsson, SVP

Verkefnisstjórn vegna starfsmenntamála verslunarmanna

Aðalm. Anna Rós Ívarsdóttir, VÍS hf.
Aðalm. Gunnar Ingi Sigurðsson, Hagkaup hf.
Aðalm. Sigurður Jónsson, SVP
Varam. Hannes G. Sigurðsson, SA
Varam. Ingi Bogi Bogason, SI

Verkefnisstjórn vegna starfsmenntamála SGS (Landsmennt)

Aðalm. Ágúst H. Elíasson, SF
Aðalm. Halldór Frímannsson, VÍS hf.
Varam. Ingi Bogi Bogason, SI
Varam. Ragnar Árnason, SA

Verkefnisstjórn vegna starfsmenntamála Flóabandalagsins (Starfsafl)

Aðalm. Einar Marínósson, starfsmannastj. OLÍS
Aðalm. Gissur Pétursson, forstj.
Vinnuálastofnunar
Varam. Ragnar Árnason, SA
Varam. Hannes G. Sigurðsson, SA

Námskeiðsnefnd um starfsmenntun í fiskvinnslu

Ágúst H. Elíasson, SF
Svavar Svavarsson, Grandi hf.

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar

Ágúst H. Elíasson, SF
Svavar Svavarsson, Grandi hf.

Ráðgjafarnefnd Evrópusambandsins um starfsþjálfun

Kristófer M. Kristinsson, SA

Stjórn landsskrifstofu Leonardó II – áætlunar Evrópusambandsins um verknám, starfsþjálfun og símenntun

Aðalm. Jón Sigurðsson, SA
Varam. Gústaf Adolf Skúlason, SA

Stjórnarnefnd Leonardo áætlunarinnar

Jón Sigurðsson, SA
Kristófer Már Kristinsson, SA

Vinnuhópur um starfsmenntunaráttak í Vestmannaeyjum

Arnar Sigurmundsson, SF



ÚTGÁFA OG KYNNING



11.1 VEFUR SA

Vefur SA, www.sa.is, gegnir mikilvægu hlutverki við upplýsingamiðlun samtakanna og í samskiptum við félagsmenn. Á vefnum er mikið safn upplýsinga og eru síðurnar alls um þrjú þúsund talsins. Auk hefðbundinna upplýsinga um samtökin, svo sem um samþykktir, skipulag og starfsemi, er þar að finna margvíslegar upplýsingar fyrir atvinnulífið. Má þar nefna kjara- og vinnumarkaðsmál, fréttir sem tengjast atvinnulífinu og upplýsingar um Evrópumál.

Vinnumarkaðsvefur SA

Á sérstökum vinnumarkaðsvef sa.is er að finna ítarlegar en aðgengilegar upplýsingar um ráðningar á starfsfólki og starfslok, launakostnað, orlof, hvíldartíma, veikindarétt, fæðingar- og foreldraorlof, jafnréttismál, vinnuvernd og margt fleira.

Vinnumarkaðsvefurinn er opin öllum félagsmönnum SA. Leiðin inn á hann er í gegnum kjaramálasíðu á vef SA (bein leið er www.sa.is/vinnumarkadsvefur/). Þegar farið er inn á vefinn í fyrsta sinn úr tiltekinni vinnustöð þarf að slá inn notandanafn og lykilorð sem voru send aðildarfyrirtækjum og aðildarfélögum við opnun vefsins í nóvember 2001. Þau hafa einnig verið send til allra nýrra félagsmanna síðan þá.

11.2 AF VETTVANGI

Rafrænt fréttabréf SA, *Af vettvangi*, samanstendur að stærstum hluta af stuttum fréttum, en hægt er að nálgast ítarlegri umfjöllun um hvert mál á vef SA með einum músarsmelli. Þannig þjónar fréttabréfið öðrum þræði því hlutverki að minna á vefinn og það mikilvæga hlutverk sem hann gegnir í upplýsingamiðlun samtakanna og samskiptum við félagsmenn. Jafnframt er fréttabréfið nýtt til að koma sjónarmiðum og skoðunum SA á framfæri. Fréttabréfið er sent út reglulega fyrsta fimmtudag hvers mánaðar (nema í ágúst, vegna sumarleyfa). Hægt er að gerast áskrifandi að fréttabréfinu og fá það sent í tölvupósti.


Kannanir SA meðal aðildarfyrirtækja

Nokkrum sinnum á ári gera SA rafrænar kannanir meðal aðildarfyrirtækja sinna og eru niðurstöður flestra þeirra birtar í fréttabréfinu *Af vettvangi*. Undanfarin misseri hafa væntingar fyrirtækja um afkomu og áform þeirra um fjárfestingar verið könnuð árlega og áform um ráðningar á starfsfólki tvisvar á ári. Samhliða þessu eða þess á milli hafa önnur tilfallandi mál verið könnuð. Kannanirnar eru unnar með netforriti sem tryggir að svör verða ekki rakin til einstakra fyrirtækja. Kannanir sem fjallað var um í *Af vettvangi* á starfsárinu voru:

- Fyrirtæki hyggjast fækka fólki, 7. tbl. 2002
- Lengra skólaár ekki erfitt fyrir atvinnulífið, 7. tbl. 2002
- Betri afkomuvæntingar fyrirtækja, 10. tbl. 2002
- Fyrirtæki hyggjast fækka fólki, 1. tbl. 2003
- Vinnuframlag eldra starfsfólks meira metið? 1. tbl. 2003
- Opinberir aðilar í vanskilum, 2. tbl. 2003
- Fyrirtæki hyggjast draga úr fjárfestingum, 2. tbl. 2003
- Konur sækjast síður eftir stjórnunarstörfum, 4. tbl. 2003
- Kvartað undan íþyngjandi reglubyrði, 4. tbl. 2003



Eftirspurn á vinnumarkaði í könnunum SA 2000-2002: **Hyggjast fyrirtæki fjölga eða fækka fólki (%)?**



11.3 PRENTÚTGÁFA

Bætum lífskjörin!


Í tengslum við aðalfund SA í apríl kom út skýrsla þar sem fjallað er um leiðir til að bæta lífskjörin í landinu, með kerfisumbótum. Í skýrslunni er meðal annars fjallað um reglubyrði, vinnumarkað, atvinnufrelsi, einkavæðingu, matvælavæðing, landbúnaðarkerfið, menntamál og heilbrigðismál.

Heildarsamtök atvinnulífsins

Í tilefni þess að SA og aðildarfélagin fluttu í nýtt húsnæði við Borgartún 35, var stuttur og almennur kynningarbæklingur um samtökin, *Heildarsamtök atvinnulífsins*, endurskoðaður og endurútfærinn á íslensku og ensku.

Globalisation

Samtök atvinnu- og iðnrekenda á Norðurlöndum hafa gefið út rit þar sem sett eru fram sameiginleg viðhorf til alþjóðavæðingar og því lýst í stuttu máli hvaða verkefni er að þeirra mati brýnast að takast á við á næstu árum.



Kaupgaldsskrá SA

Í tilefni af áfangahækkun launa var gefin út kaupgaldsskrá SA nr. 4, sem gildir frá 1. janúar 2003. Kaupgaldsskráin er einnig aðgengileg á kjaramálavef SA.

11.4 FUNDIR OG NÁMSKEIÐ

Stöðugleiki og stóriðjuframkvæmdir

Miðvikudaginn 11. september stóðu SA fyrir morgunverðarfundum á Hótel Sögu undir yfirskriftinni *Stöðugleiki og stóriðjuframkvæmdir – er hættu á ofpenslu?* Frummælendur voru Ari Edwald framkvæmdastjóri SA, Bolli Þór Bollason

skrifstofustjóri efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins og Þórarinn G. Pétursson deildarstjóri á hagfræðisviði Seðlabanka Íslands. Fundarstjóri var Bjarni Ármannsson forstjóri Íslandsbanka. Á fundinum kom fram það sameiginlega mat fundarmanna að lítil hagvöxtur væri framundan á næstu árum ef ekki kæmi til stóriðjuframkvæmda. Ekki væri því veruleg hættu á ofpenslu vegna fyrirhugaðra framkvæmda, að því tilskildu að gripið yrði til tiltækra mótvægisáðgerða í opinberri hagstjórn. Stærð framkvæmdanna væri slík að ella væri hættu á óæskilegum „ruðningsáhrifum.“ Fram kom að atvinnuleysi færi vaxandi og yrði að óbreyttu yfir 3% árið 2003 að mati SA, að sveigjanleiki íslensks vinnumarkaðar væri oft vanmetinn, að nauðsynlegt væri að sýna ítrasta aðhald í fjármálum hins opinbera meðan á framkvæmdunum stæði og að vextir yrðu líklega tímabundið hærri en ella, jafnvel um sem næmi meira en 2,5% ef ekki kæmu til aðrar mótvægisáðgerðir.

Í erindi sínu fjallaði Ari Edwald meðal annars um slaka í hagkerfinu og færði rök fyrir því að stýrivextir væru um 2% of háir. Ari sagði að tíma-setning fyrirhugaðra stóriðjuframkvæmda væri að mörgu leyti mjög góð fyrir íslenskt efnahagslíf. Hann lagði hins vegar mikla áherslu á að ríki og sveitarfélög yrðu að draga úr útgjöldum sínum á framkvæmdatímanum. Bolli Þór Bollason sagði mikilvægt að fylgja aðhaldssamri efnahagsstefnu á öllum sviðum en að meginþunginn hvíldi á peningastefnunni. Mikilvægt væri einnig að beita ítrasta aðhaldi í ríkisfjármálum, þótt þar væri takmarkaðra svigrúm til áðgerða sem horfðu til skamms tíma. Þórarinn G. Pétursson sagði líkur til að framkvæmdirnar hefðu þau áhrif að stýrivextir hækkðu tímabundið um 2 – 2,5%, jafnvel meira, að því tilskyldu að aðrar mótvægisáðgerðir kæmu ekki til.





Fræðslufundur fyrir hugbúnaðarfyrirtæki

Réttarstaða fyrirtækja gagnvart fyrirverandi starfsmönnum var til umræðu á fræðslufundi sem haldinn var fyrir hugbúnaðarfyrirtæki í samvinnu við Samtök iðnaðarins fimmtudaginn 26. september. Hrafnhildur Stefánsdóttir yfirlögfræðingur SA og Ragnar Árnason forstöðumaður vinnumarkaðssviðs SA töluðu um lagaumhverfi og ákvæði ráðningarsamninga, sjónarmið um atvinnufrelsi sem gæta þarf við gerð samkeppnisákvæða og reglur um atvinnuleyndarmál og trúnaðarskyldu. Einnig var fjallað um viðbrögð við brotum og kæruleiðir eins og lögbann, kærur til Samkeppnistofnunar, bótamál og sönnunarfærslu.

Kynning á lagafrumvarpi um úrvinnslugjald

Þann 26. nóvember var efnt til fundar með umhverfishópi SA og fleirum í húsakynnum SA að Borgartúni 35. Efni fundarins var kynning á frumvarpi til laga um úrvinnslugjald sem á þeim tíma lá fyrir Alþingi. Frumvarpið varð að lögum 20. desember sl. sem lög nr. 162/2002 um úrvinnslugjald. Lögunum eru gerð nokkur skil í 7. kafla þessarar skýrslu.

Námskeiðaröð SA um starfsmannamál

Í nóvember og desember 2002 var öllum félagsmönnum SA boðið að sækja tvenns konar námskeið um starfsmannamál. Voru þau haldin í Reykjavík, á Akureyri, Ísafirði og í Vestmannaeyjum. Á námskeiðunum var annars vegar farið yfir helstu atriði kjarasamninga og laga um starfsmannamál, þar á meðal helstu reglur sem þarf að hafa í huga við ráðningar, veikindi og uppsagnir starfsmanna. Hins vegar voru skoðaðar helstu breytingar sem hafa orðið á vinnumarkaðnum á síðustu árum og farið yfir nýjar Evrópureglur sem innleiða á íslenska löggjöf. Aðsókn að námskeiðunum fór fram úr öllum vonum og voru haldin samtals 15 námskeið með tæplega 400 þátttakendum. Þegar þetta er ritað er jafnframt fyrirhugað að halda námskeiðin í vor á Selfossi og á

Snæfellsnesi. Loks voru haldin verkstjóranámsskeið á Vopnafirði og á Reyðarfirði í október, í samstarfi við Fræðslunet Austurlands.

Áhrif hágengis á þjóðarhag

Föstudaginn 21. febrúar 2003 stóðu Samtök atvinnulífsins fyrir opnum fundi á Grand Hótel Reykjavík undir yfirskriftinni *Áhrif hágengis á þjóðarhag*. Frummælendur á fundinum voru þeir Hannes G. Sigurðsson aðstoðarframkvæmdastjóri SA, Hörður Arnarson forstjóri Marel, Guðbrandur Sigurðsson framkvæmdastjóri Brims og Útgerðarfélags Akureyringa, Gunnar Rafn Birgisson framkvæmdastjóri Ferðaskrifstofunnar Atlantík og Gylfi Arnbjörnsson framkvæmdastjóri ASÍ. Fundinum stýrði Ari Edwald framkvæmdastjóri SA.

Hannes G. Sigurðsson færði rök fyrir því að raunveruleg launaþróun á markaði hafi verið vanmetin í launavísitölu Hagstofunnar og að það endurspegladist í raungengisvísitölu Seðlabankans. Hann hélt því fram að raungengi á mælikvarða launa væri að minnsta kosti 4,5% hærra en fram kæmi í vísitölu Seðlabankans og sagði atvinnulífið kalla eftir því að Seðlabankinn endurskoðaði jákvæða afstöðu sína til hins háa gengis krónunnar sem myndast hefði á markaðnum.

Hörður Arnarson skoðaði meðal annars áhrif þess að gengi krónunnar breytist á dæmigerst útflutningsfyrirtæki, þar sem áhrif 15% gengishækkunar væru sambærileg við 47% launahækkun. Hann sagði fyrirtæki í samkeppni við erlenda aðila ekki hafa mörg úrræði vegna skertra samkeppni-



isskilyrða, en að þau gætu fært innlendan kostnað í erlenda gjaldmiðla og hreinlega flutt starfsemi úr landi. Hörður kvartaði undan þröngri túlkun Seðlabankas á verðbólguþætti og miklu ósamræmi í stöðumati bankans annars vegar og stjórnvalda hins vegar. Hann sagði Seðlabankann lækka vexti alltof seint og alltof hægt.

Guðbrandur Sigurðsson sagði fiskveiðar geta aðlagð sig að breyttu gengi þar sem tveir þriðjuhlutar af kostnaði væru tengdir gengi. Landvinnslan hefði hins vegar litla sem enga gengisaðlögun á kostnaðarliðum. Sterkt gengi krónunnar stuðlaði því að sjóvinnslu og útlutningi á hráefni og framhaldsvinnsla, virðisaukningin, yrði illmöguleg hér á landi. Guðbrandur sagði að ef gengið gæfi ekki eftir myndi landvinnslan víða gefa eftir, og ekki væri hægt að vinna upp það tap sem þarna yrði.

Gunnar Rafn Birgisson fjallaði meðal annars um hvernig samningar við erlenda aðila væru gjarnan gerðir með sex til átján mánaða fyrirvara og þá í erlendri mynt. Mikil hækkun gengisins hefði því mjög alvarleg áhrif á ferðaþjónustufyrirtæki sem yrðu að verulegu leyti að taka á sig gengisbreytingarnar. Hann sagði jafnframt viðskipti vera að tapast til annarra landa, svo sem Írlands og Finnlands, vegna hás gengis krónunnar. Gunnar lýsti eftir stöðugleika í íslensku efnahagslífi. Án hans yrði ferðaþjónustan áfram efnilegt óskabarn, en án framtíðar ef svo færi sem horfði með gengi krónunnar.

Gylfi Arnbjörnsson sagði stjórnvöld með stefnu um að hafa hvetjandi áhrif á atvinnulífið en Seðlabanki Íslands hefði letjandi áhrif á það með vaxtastefnu sinni. Hann sagði þessa vaxtastefnu geta orðið til að festa atvinnulífið í einhæfni auðlindanýtingu. Gylfi minnti á að miðstjórn ASÍ hefði nýlega ályktað þess efnis að nauðsynlegt væri að efna til formlegs samstarfs stjórnvalda, Seðlabanka Íslands og aðila vinnu-markaðarins til að samræma viðbrögð hagstjórnar á næstu misserum. Náð samráð hefði alltaf reynst okkar sterkasta vopn til að bregðast við óheillavænlegri þróun.

11.5 ÝMSIR FUNDIR MEÐ STUÐNINGI SA

Auk framangreindra funda og námskeiða átti SA aðkomu að ótal fundum og ráðstefnum, meðal annars í formi fundarstjórnar, erinda og pallborðsumræðna. Þá styrktu Samtök atvinnulífsins ýmiss konar fundahald á starfsárinu. Má þar nefna:

- *Norræn ráðstefna um hugverkaréttindi*, Radisson SAS Hótel Sögu, 26. – 28. ágúst 2002.



- *Rannsóknir-nýbreytni-þróun*, málþing KHÍ, 4. – 5. október 2002.
- *6. rannsóknáætlun ESB*. Kynningarfundur RANNÍS, Hótel Loftleiðum, 22. nóvember 2002.
- *Iceland and the enlarged EU*. Ráðstefna Euphoria um tengsl Íslands við ESB og áhrif stækkunar sambandsins, Hótel Loftleiðum 3. mars 2003.

11.6 RANNSÓKNIR OG FLEIRA MEÐ STUÐNINGI SA

Samtök atvinnulífsins styðja við fjölda rannsókna og verkefna af ýmsu tagi. Má þar nefna:

- *Hagnýt viðmið – stjórnþæki í fyrirtækjum*. Iðntæknistofnun hefur innleitt aðferðafræði sem auðveldar íslenskum fyrirtækjum að bera rekstur sinn saman við önnur fyrirtæki og taka upp það besta sem þar þekkest í stjórnun.
- *Global Entrepreneurship Monitor*. Fjölbjóðlegt rannsóknarsamstarf sem gerir okkur kleift að bera saman frumkvöðlastarfsemi hér og erlendis. Háskólinn í Reykjavík fer með framkvæmd fyrir Íslands hönd.
- *Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands*. Vettvangur þverfaglegs samstarfs á sviði alþjóðamála og smárikjarannsóknar sem meðal annars er ætlað að vinna þjónustuverkefni fyrir atvinnulíf og opinbera aðila.
- *Staðarval fyrirtækja*, lokaverkefni við viðskipta- og hagfræðideild HÍ.
- *Íslensku gæðaverðlaunin*.
- *Eftirlaunakönnun Hagfræðistofnunar HÍ*.



REKSTUR SAMTAKANNA, INNRA STARF OG SKIPULAG



getur ekki endað nema með ósköpum,” sagði Finnur. Hann sagði auðsætt að opinberar stofnanir hefðu ekki ráðið við þá valddreifingu sem reynd hefði verið í launamálum hins opinbera á undanförunum árum.

Þá ávarpaði fundinn Davíð Oddsson forsætisráðherra. Í ávarpi sínu lagði hann áherslu á mikilvægi upplýstrar umræðu um Evrópumálin og fjallaði um fórnarkostnað fylgjandi aðild að Evrópusambandinu. Þá sagði hann meðal annars að væntingar stæðu til þess að vextir héldu áfram að lækka á næstu vikum, mánuðum og misserum.

Loks kynnti Ari Edwald framkvæmdastjóri SA, skýrslu samkeppnislagahóps samtakanna. Helstu tillögum skýrslunnar eru gerð skil sérstaklega á bls. 40. Ari sagði það vera brýnt hagsmunamál fyrir atvinnulífið að hér giltu sambærileg samkeppnisskilyrði og leikreglur og í nágrannaríkjunum. Tilgangur samkeppniseftirlits væri að vinna gegn misnotkun á markaðsráðandi stöðu en ekki að stýra uppbyggingu atvinnulífsins og hamla gegn hagræðingu. Samtökin hefðu því falið samkeppnislagahópi sínum að skoða íslensk samkeppnislög með hliðsjón af löggjöf nágrannaríkja og gera tillögur um úrbætur. Sagði Ari það vera von samtakanna að þessi vinna yrði til að örva umræðu um þróun samkeppnisreglna og til að auka skilning á þörfum atvinnulífsins.

Evrópumálin og atvinnulífið

Að loknu kaffihléi var rætt um Evrópumálin og atvinnulífið. Sú umræða hófst með ávarpi um Evrópustefnu NHO – norsku samtaka atvinnulífsins (reyndar eiga ekki fulltrúar allra sömu atvinnugreina aðild að NHO og sem eiga aðild að SA, t.d. ekki fulltrúar norskra útgerðarfyrtækja og fjármálafyrtækja). Ávarpið flutti Siri Bjerke forstöðumaður hjá NHO og fyrrverandi umhverfisráðherra Noregs. Hún sagði aðild Noregs að ESB vera langtíamarkmið samtakanna, en þar sem hún væri ekki á dagskrá núverandi ríkisstjórnar legðu samtökin áherslu á mikilvægi þess að gera sem best úr núverandi stöðu. Bjerke sagði meðal annars að bregðast þyrfti við minnkandi vægi EFTA-stoðar EES og að NHO legðu áherslu á nauðsyn þess að búa við samkeppnishæf starfsskilyrði, meðal annars til að vega upp á móti hagræði annarra ríkja af evrunni.

Að loknu ávarpi Siri Bjerke tóku við umræður og álitsgjöf undir stjórn Stefáns Ólafssonar prófessors við Háskóla Íslands. Þátttakendur í umræðunum voru þeir Brynjólfur Bjarnason forstjóri Granda, Halldór J. Kristjánsson bankastjóri Landsbanka Íslands, Hörður Arnarson forstjóri

12.1 STÖRF AÐALFUNDAR

Aðalfundur Samtaka atvinnulífsins var haldinn á Grand hótél Reykjavík þriðjudaginn 7. maí 2002. Finnur Geirsson formaður samtakanna, setti fundinn kl. 11:15 og var Rakel Olsen kjörin fundarstjóri. Hún tilnefndi Ragnar Árnason sem fundarritara.



Venjuleg aðalfundarstörf

Finnur Geirsson flutti fundinum skýrslu stjórnar fyrir næstliðið starfsár og reikningar samtakanna voru samþykktir. Þá var fundinum tilkynnt um niðurstöðu úr beinni póstkosningu formanns SA. 54,6% félagsmanna greiddu atkvæði og hlaut sitjandi formaður, Finnur Geirsson, 98,7% greiddra atkvæða. Hann var því réttkjörinn formaður SA starfsárið 2002 til 2003. Umsjón með kosningu og talningu atkvæða hafði kjörnefnd sem skipuð var þeim Geir Magnússyni, Helga Magnússyni og Páli Sigurjónssyni. Þá var samþykkt tillaga kjörnefndar um 20 menn til setu í stjórn SA starfsárið 2002 til 2003. Einnig var samþykkt tillaga fundarstjóra um Stefán Bergsson hjá PriceWaterhouseCoopers sem endurskoðanda SA starfsárið 2002 til 2003. Undir liðnum önnur mál kvaddi sér loks hljóðs Elís Pétur Sigurðsson, ferðapjónustunni Áka, Breiðdalsvík. Ræddi hann um þróun ferðapjónustunnar á Austurlandi sem hann taldi eiga undir högg að sækja.

Opin dagskrá

Opin dagskrá aðalfundar hófst kl. 13:00 með ræðu Finns Geirssonar, formanns SA. Í ræðu sinni gagnrýndi Finnur hvernig hið opinbera hefur um margra ára skeið leitt launaþróun í landinu. „Hið opinbera, sem byggir á skattlagningu atvinnulífs og almennings, hefur tekið forystu um kostnaðarhækkanir í launum og öðrum starfskjörum, sem atvinnulífið getur ekki fylgt eftir. Slíkt





Marels, Sigurður Einarsson forstjóri Kaupþings og Þórður Friðjónsson forstjóri Verðbréfabings Íslands og formaður hnattvæðingarnefndar. Í umræðum þeirra komu meðal annars fram þau sjónarmið að íslenska krónan væri óhjákvæmilega á útleið, að EES-samningurinn tryggði starfsumhverfið almennt vel, að héraendis væri erfitt að fjárfesta, að hagstjórn væri möguleg við evruaðild og að sjávarútvegsstefna ESB væri óásættanleg.

12.2 STÖRF FRAMKVÆMDA-STJÓRNAR

Framkvæmdastjórn stýrir starfsemi SA í samræmi við stefnumörkun stjórnar og fundar að jafnaði mánaðarlega. Á dagskrá eru þau málefni sem hæst ber í starfsemi samtakanna hverju sinni og er umfjöllun um efnahagsmál og starfsskilyrði atvinnulífsins ávallt fyrirferðarmikil. Meðal annarra málefna sem komið hafa til umfjöllunar eru verkefnaáætlun samtakanna, málefni Útflutningsráðs, umhverfismál og starfsmenntamál.

12.3 STÖRF STJÓRNAR

Stjórn SA kom fimm sinnum saman á starfsárinu. Á fundum hennar var fjallað um stefnumótun samtakanna, áherslur og verkefnaáætlun á árinu og um efnahags- og skattamál.

12.4 FUNDIR MEÐ FRAMKVÆMDA-STJÓRUM AÐILDARFÉLAGA SA

Framkvæmdastjórn SA og aðildarfélaganna sjö hittast fyrsta mánudag hvers mánaðar á formlegum fundum. Af skiljanlegum ástæðum hafa málefni í tengslum við sameiginlegt húsnæði verið fyrirferðarmikil og margvíslegar ákvarðanir þar að lútandi hafa verið teknar á fundunum. Vægi þeirra mála sem tengjast húsinu hefur smám saman minnkað á fundunum, enda var húsfélag Borgartúns 35 stofnað í ágúst 2002. Á fundunum á síðasta starfsári var fjallað um efnahagsmál, umhverfismál, starfsfræðslumál, málefni Útflutningsráðs og verkaskiptingu milli SA og aðildarféлага.

Samkeppnishæf samkeppnislög

Í tengslum við aðalfund SA var gefin út skýrsla samkeppnislagahóps SA, *Samkeppnishæf samkeppnislög*, þar sem íslensku samkeppnislögin eru skoðuð með hliðsjón af löggjöf í nágrannaríkjunum og reglum Evrópuréttar og tillögur eru lagðar fram um úrbætur. Helstu tillögur samkeppnislagahópsins voru teknar þannig saman í skýrslu hópsins:

- Samkeppnisráð verði lagt niður og Samkeppnisstofnun taki við hlutverki þess.
- Viðmiðunarmörk minniháttarreglu 13. gr. samkeppnislaga vegna samráðsbrotar verði hækkuð.
- Valdheimildir Samkeppnisstofnunar verði skýrðar og c-liður 17. gr. laganna verði felldur niður.
- 18. gr. samkeppnislaga um samrunaefirtlit verði felld niður eða í það minnsta verði veltumörk hækkuð fyrir tilkynningaskyldan samruna fyrirtækja.
- Mögulegt verði að leita bindandi álits fyrirfram hjá Samkeppnisstofnun þar sem fullur trúnaður gagnvart álitsbeiðendum verði tryggður.
- Settar verði skýrar reglur um heimild til húsleitar og um framkvæmd slíkrar leitar.
- Sektorheimild samkeppnislaga vegna brota á bannákvæðum verði þrengd til fyrra horfs.
- Ákveðnir þættir viðurlagakafla í samkeppnislögum verði endurskoðaðir.
- Sett verði ákvæði um 5 ára fyrningarfrest brota í samkeppnislög.
- Samkeppnisyfirlit verði lagt aukna áherslu á leiðbeiningar og fræðslu.

12.5 MÁLEFNASTARF SA

Málefnaþópar SA eru níu talsins: efnahagsþópur, vinnumarkaðs-, skatta-, mennta-, jafnréttis-, umhverfis-, lífeyris-, samkeppnislaga- og Evrópu- og alþjóðamálahópur. Hóparnir funduðu flestir nokkrum sinnum á starfsárinu og komu þeir meðal annars að gerð skýrslunnar *Bættum lífskjörin!* sem gefin var út í tengslum við aðalfund SA 29. apríl 2003. Greint er frá skýrslunni í 11. kafla.

12.6 STARFSFÓLK SA

Nokkrar breytingar urðu í starfsmannahaldi samtakanna á starfsárinu. Jóna Hermannsdóttir matráðskona og Sigurður Jóhannesson hagfræðingur létu af störfum hjá samtökunum. Eru þeim þökkuð vel unnin störf og óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi. Til starfa voru hins vegar ráðin þau Jón Sigurðsson rekstrarhagfræðingur, Christoph Kuhn hagfræðingur og Helga Bjarklind Jóhannesdóttir bókar.

12.8 BREYTINGAR Á SKRIFSTOFU-UMHVERFI SA

Í janúar 2003 var sett upp hópinnukerfi sem SA hefur tekið þátt í að þróa með Hugviti hf. frá árinu 2001. Hugbúnaðurinn nefnist GoPro fyrir Exchange og er ætlað að sinna þrenns konar þörfum, það er utanumhaldi um félagsmenn og aðra viðskiptavini, skjalavistun og verkefnastjórn. Í mars var virkni hópinnukerfisins aukin til muna með þeirri viðbót að upplýsingar úr fjárhagsbókhalði, sem er í Navision Financials, eru færðar daglega inn í hópinnukerfið. Skráning aðildarfyrirtækja og helstu tengiliða innan þeirra fer fram í Navision og er með hinni sjálfvirku uppfærslu allur tvíverknaður afnuminn í utanumhaldi félagatals samtakanna.



Hús atvinnulífsins

Sumarið 2002 fluttu Samtök atvinnulífsins, aðildarfélag þeirra og fleiri aðilar í nýtt húsnæði við Borgartún 35, Hús atvinnulífsins. Húsið er á fimm hæðum og er alls um 3.600 fermetrar að flatarmáli, að meðtöldum kjallara og þakhæð með sameiginlegri funda- og veitingaaðstöðu. Samtals munu SA og aðildarfélag nýta um tvo þriðju hluta hússins en annað rými verður leigt út.



Flutningurinn var liður í breytingum á félagakerfi atvinnulífsins sem miða að hagræðingu í rekstri og einföldun starfseminnar. Með því að færa starfsemi hinna ýmsu félaga atvinnurekenda á Íslandi undir eitt þak verða samskipti milli þeirra auðveldari og unnt verður að samhæfa starfsemina betur en áður. Einnig skapast möguleikar á að bæta þjónustu við hin 2.600 fyrirtæki sem aðild eiga að félögunum.



Í Húsi atvinnulífsins hafa eftirtaldir aðilar starfsemi sína: Samtök atvinnulífsins, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fiskvinnslustöðva, Samtök fjármálafyrirtækja, Samtök iðnaðarins, SVP–Samtök verslunar og þjónustu, Samtök banka og verðbréfafyrirtækja, Félag íslenskra fiskimjölsframleiðenda, Landssamband fiskeldis- og hafbeitarstöðva, Samstarfsvettvangur sjávarútvegs og iðnaðar, Útflutningsráð Íslands, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og EAN á Íslandi. Alls hafa þessir aðilar tæplega eitt hundrað starfsmenn á sínum snærum.

Formleg vígsla 11. október 2002

Hús atvinnulífsins var formlega vígt við hátíðlega athöfn föstudaginn 11. október. Opnunarhátíðin hófst í tjaldi fyrir utan húsið þar sem Finnur Geirsson, formaður SA, bauð gesti velkomna og flutti stutt ávarp. Davíð Oddsson forsætisráðherra sagði nokkur orð, Gylfi Arnbjörnsson framkvæmdastjóri ASÍ bauð nýja nágranna velkomna og Hörður Jónsson byggingarverktaki og seljandi hússins afhenti formanni SA táknrænan lykil áður en merking hússins, áletraður steinn fyrir utan, var afhjúpaður og veislan hófst á öllum hæðum hússins. Alls er talið að um 1.000 manns hafi mætt í opnunarhófið sem allir aðilar hússins stóðu að.



Skipurit Samtaka atvinnulífsins

Helstu hlutverk skrifstofu Samtaka atvinnulífsins eru að hafa fyrir hönd samtakanna umsjón með gerð og túlkun kjarasamninga, gæta hagsmuna félagsmanna í málaflokkum sem varða atvinnulífið í heild og veita félagsmönnum þjónustu og ráðgjöf eftir þörfum. Þá hefur hún umsjón með sameiginlegri stefnumótunar- og málefnavinnu innan SA og sér um að fylgja stefnunni eftir með upplýsingamiðlun og öðrum hætti.

Helstu ábyrgðarsvið vinnumarkaðssviðs eru að stuðla að framgangi hagkvæmra lausna á vinnumarkaði sem varðveita sveigjanleika og viðhalda stjórnunarrétti fyrirtækja, stuðla að bættum samskiptum fyrirtækja og starfsmanna, koma í veg fyrir ágreining á vinnustöðum og að leysa úr ágreiningi og stuðla að vinnufriði.




Helstu ábyrgðarsvið stefnumótunar- og samskiptasviðs eru að samtökin sýni frumkvæði og hafi ævinlega skýra stefnu, að tryggja miðlun réttra upplýsinga um stefnu og starfsemi, byggja upp og viðhalda góðri ímynd SA, og að koma SA í fremstu röð við að nýta upplýsingatækni.

Helstu ábyrgðarsvið hagdeildar eru að bregðast við óskum og kröfum um verkefni af hálfu stjórnar eða annarra eininga innan SA og að færa umræðu um efnahagsmál inn á nýjar brautir þar sem þörf krefur.

Helstu ábyrgðarsvið skrifstofusviðs eru að tryggja skilvirkni í rekstri SA og að veita öðrum sviðum á skrifstofu SA almenna skrifstofuþjónustu.

Skipurit skrifstofu Samtaka atvinnulífsins





SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

ÁRITUN ENDURSKOÐANDA

Við höfum endurskoðað ársreikning Samtaka atvinnulífsins fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun framkvæmdastjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning 31. desember 2002, sjóðstreymi, yfirlit yfir reikningsskilaaðferðir, skýringar og sundurliðanir. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum Samtaka atvinnulífsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin, sem tekur mið af mati okkar á mikilvægi einstakra þátta og áhættu, felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Samtaka atvinnulífsins á árinu 2002, efnahag þess 31. desember 2002 og breytingu á handbæru fé á árinu 2002, í samræmi við lög, samþykktir Samtaka atvinnulífsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 2. apríl 2003

PricewaterhouseCoopers ehf

Stefán Bergsson


löggiltur endurskoðandi



REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2002

	2002	2001
Rekstrartekjur		
Árgjöld aðildarfélaganna	166.385.519	152.988.451
Þjónustusamningar	2.378.419	2.222.529
Styrkur til hag- og tæknideildar	2.300.000	2.140.000
Félagsheimilaskjöldur	3.808.006	4.984.643
Söluhagnaður Garðastræti	24.672.667	0
Þóknun frá Vinnudeiluskjóði v. fjárvörslu	2.500.000	2.500.000
Aðrar tekjur	1.151.884	1.251.000
	<u>203.196.495</u>	<u>166.086.623</u>
Rekstrargjöld		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	115.359.447	112.583.334
Kostnaður v. funda og móta	13.772.029	15.124.661
Útbreiðslu- og félagsmál	12.768.960	13.051.914
Rekstur húsnæðis og annarra eigna	8.989.562	4.989.828
Fyrningar	10.220.660	514.157
	<u>161.110.658</u>	<u>146.263.894</u>
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og (-gjöld)	42.085.837	19.822.729
Fjármunatekjur og (-gjöld)		
Vaxtatekjur	754.349	1.126.805
Vextir og verðbætur	(96.527)	(265.066)
Reiknuð gjöld v. verðlagsbreytinga	0	(9.069.129)
	<u>657.823</u>	<u>(8.207.390)</u>
Hagnaður ársins	42.743.660	11.615.339

Greidd árgjöld 2002
Flokkun eftir atvinnugreinum



EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2002

EIGNIR

Fastafjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir:

	2002	2001
Fasteign, Garðastræti 41	0	65.000.000
Fasteign, Borgartún 35	165.362.614	150.733.355
Sumarhús	5.485.064	5.597.004
Tölvubúnaður, innréttingar og skrifstofuáhöld	17.167.166	1.702.906
	<u>188.014.843</u>	<u>223.033.265</u>

Veltufjármunir

Viðskiptamenn	14.492.740	5.924.160
Sjóður og bankainnstæður	58.883.813	75.349.229
	<u>73.376.553</u>	<u>81.273.389</u>

Eignir samtals	<u>261.391.396</u>	<u>304.306.654</u>
-----------------------	--------------------	--------------------

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2002

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

Eigið fé

	2002	2001
Óráðstafað eigið fé	234.644.225	191.900.565
Söguritunarsjóður	288.750	2.800.000
	<u>234.932.975</u>	<u>194.700.565</u>

Skammtímaskuldir

Ýmsar skammtímaskuldir	9.243.780	8.529.322
Ógreitt vegna Borgartúns 35	17.214.641	70.108.924
Vinnudeilusjóður	0	30.967.842
	<u>26.458.421</u>	<u>109.606.089</u>

Eigið fé og skuldir samtals	<u>261.391.396</u>	<u>304.306.654</u>
------------------------------------	--------------------	--------------------

ÁRITUN FRAMKVÆMDASTJÓRNAR

Meðfylgjandi ársreikningar, Samtaka atvinnulífsins voru samþykktir á framkvæmdastjórnarfundi þann 2. apríl 2003.

F.h. framkvæmdastjórnar.

Finnur Geirsson, formaður sign.


Ari Edwald, framkvæmdastjóri sign.

VINNUDEILUSJÓÐUR SA

REKSTRARREIKNINGUR ÁRIÐ 2002

	2002	2001
Rekstrartekjur		
Árgjöld aðildarféлага	32.343.538	32.146.391
Aðrar rekstrartekjur	10.657.079	0
Fjármunatekjur	15.114.652	7.531.055
	<u>58.115.269</u>	<u>39.677.446</u>
Rekstrargjöld		
Greiðslur bóta v. vinnudeilna	1.405.291	211.292.100
Greiðslur til NEMIA	13.136.033	854.148
Rekstrarkostnaður húsnæðis	3.360.145	0
Málflutnings- og lögfræðikostnaður	0	1.247.414
Póknun til SA vegna fjárvörslu	2.500.000	2.500.000
Vaxtagjöld, innheimtukostnaður o.fl.	49.425	127.026
	<u>20.450.893</u>	<u>216.020.689</u>
Rekstrarhagnaður (tap)	<u>37.664.376</u>	<u>(176.343.242)</u>
Fjármagnsgjöld		
Vaxtagjöld langtímaskulda	(6.615.825)	0
Verðbreytingargjöld	0	(48.294.453)
	<u>(6.615.825)</u>	<u>(48.294.453)</u>
Hagnaður (tap) ársins	<u><u>31.048.551</u></u>	<u><u>(224.637.695)</u></u>

Skipting verðbréfaeignar
Vinnudeilusjóðs 31.12. 2002



Rekstur Vinnudeilusjóðs

Vinnudeilusjóður skilaði 31 m.kr hagnaði á síðasta ári. Þá hefur verið tekið tillit til árgjalda frá aðildarfyrirtækjum sjóðsins og bótagreiðslna úr sjóðinum. Ef eingöngu er litið til ávöxtunar fjármuna í vörslu sjóðsins þá var hún jákvæð um 1,63%. Hækkun neysluverðs-vísitölu var 2% þannig að raunávöxtun var neikvæð um 0,37%. Verulegur hluti af eignum sjóðsins hefur verið ávaxtaður í innlendum og erlendum hlutabréfum og dregur sérstaklega erlend hlutabréfaeign ávöxtunina niður á síðasta ári. Helstu eignabreytingar á árunum 2001 og 2002 hafa falist í sölu innlendra hlutabréfa til að standa strauð af kaupum á hlut í Húsi atvinnulífsins. Einnig hafa kaupin verið fjármögnuð með lántöku að hluta. Bein eign VDS í húsinu nemur 38,16% af húsinu og 14,82% af bilageymslu, en auk þess á hlutafélag í eigu VDS 35,18% af bilageymslu og leigir út.

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2002

EIGNIR

Fastafjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir:

Fasteign	347.798.799	269.608.351
Áhöld, tæki og innréttingar	5.014.480	0
	352.813.279	269.608.351

Áhættufjármunir og langtímakröfur:

Eiginfjárframlag til NEMIA	0	12.421.900
Hlutabréf	507.334.728	779.813.615
Skuldabréf	719.584.739	687.117.798
Næsta árs afborgun skuldabréfa	(52.146.190)	(33.553.406)
	1.174.773.277	1.445.799.907

Fastafjármunir samtals 1.527.586.556 1.715.408.258

Veltufjármunir

Skammtímakröfur:		
Víxileign og viðskiptakröfur	400.000	22.164.522
Gjaldf. afborganir og vextir skuldabréfa	31.005.533	15.522.966
Inneign hjá SA	0	30.947.843
Næsta árs afborgun skuldabréfa	52.146.190	33.553.406
Bankainnstæður	75.144.038	23.194.140
	158.695.761	125.382.876

Eignir samtals 1.686.282.318 1.840.791.134

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2002

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

Eigið fé

Óráðstafað eigið fé	1.395.023.365	1.363.974.814
---------------------	---------------	---------------

Langtímaskuldir

Langtímalán í erlendri mynt	199.642.021	0
-----------------------------	-------------	---

Skammtímaskuldir

Ógreitt vegna Borgartúns 35	6.231.849	81.367.200
Ógreiddar bætur v. vinnudeilna	0	128.804.204
Skammtímalán í erlendri mynt	69.037.486	91.793.499
Skuld við Hlutdeild fasteignafélag ehf.	0	158.777.603
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur	14.831.360	6.073.814
Ógr. framlag í Réttarverndarsjóð	0	10.000.000
Ógr. áfallnir vextir langtímaskulda	1.516.236	0
	91.616.931	476.816.319

Skuldir samtals 291.258.952 476.816.319

Eigið fé og skuldir samtals 1.686.282.318 1.840.791.134

Starfsfólk Samtaka atvinnulífsins



Ari Edwald,
framkvæmdastjóri



Arndís Arnardóttir,
ritari



Álfheiður M. Sívertsen,
lögmaður



Ásta Steinsdóttir,
ritari



Christoph Kuhn,
hagfræðingur



Erlén Jónsdóttir,
ritari



Guðstaf Adolf Skúlason,
forstöðumaður stefnumót-
unar- og samskiptasviðs



Hannes G. Sigurðsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri



Helga Jóhannesdóttir,
bókari



Hrafnhildur Stefánsdóttir,
yfirlögfræðingur



Jón H. Magnússon,
lögmaður



Jón Rúnar Pálsson,
lögmaður



Jón Sigurðsson,
rekstrarhagfræðingur



Jónína Gissurardóttir,
félagsfræðingur



Kristín Jónsdóttir,
fjármálastjóri



Kristófer M. Kristinsson,
Evrópuskrifstofu atvinnulífsins
í Brussel



Óskar Mariusson,
efnaverkfræðingur



Ragnar Arnason,
forstöðumaður
vinnumarkaðssviðs

Samtök atvinnulífsins

Samtök atvinnulífsins voru stofnuð í september 1999 sem heildarsamtök íslenskra atvinnurekenda. Meginmarkmið SA er að skapa fyrirtækjum hagstæð skilyrði til að vaxa, þróast og bera arð. Samtökin kappkosta að veita félögum góða þjónustu og að vera öflugur málsvari atvinnulífsins gagnvart stjórnvöldum og almenningi.

Tvíþætt aðild

Fyrirtæki verður aðili að SA með því að ganga í eitthvert aðildarfélaganna og öðlast þar með tvíþætta aðild. Alls eiga um 2600 fyrirtæki aðild að samtökunum.

Aðildarfélög SA eru sjö og starfa á grundvelli atvinnugreina.

Þau eru:

- Landssamband íslenskra útvegsmanna
- Samtök ferðaþjónustunnar
- Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði
- Samtök fiskvinnslustöðva
- Samtök fjármálafyrirtækja
- Samtök iðnaðarins
- SVP-Samtök verslunar og þjónustu

Samtök atvinnulífsins

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími 591 0000
Myndsendir: 591 0050
Veffang: www.sa.is
Netfang: sa@sa.is

Evrópuskrifstofa atvinnulífsins

Rue de la Charité 17
B-1040 Brussel
Belgía
Sími 32 2 223 08 05
Myndsendir: 32 2 209 43 04
Netfang: kristofer.kristinsson@ttpt.be



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Borgartún 35, 105 Reykjavík
www.sa.is